

LÖGREGLUMADURINN



- Náms og kynnisferð til Svíþjóðar og Finnlands
- XXVI. Þing Landssambandsins
- Viðhorfskönnun meðal lögreglumanna



1/2004

Eftirtaldir aðilar óska lögreglumönnum velfarnaðar í starfi:

REYKJAVÍK

Bakameistarinn hf., Stigahlíð 45-47
Dóms- og kirkjumaláraðuneytið, Arnarhvoll
Félagsbústaðir hf., Hallveigastíg 1
Fiskislofa, Ingólfsstræti 1
Flytjandi hf., Klettagörðum 15
Friða amma ehf., Bildshöfða 18
Frumherji hf., Hesthálsi 6-8
Grandi hf., Norðurgarði 1
Hampjónan hf., Bildshöfða 9
Hrafnista D.A.S., Laugarási
Innheimtustofnun sveitarfélaga, Lágmúla 9, 2 hæð
Internet á Íslandi hf. - ISNIC, Dunhaga 5
Jóhannes Long ljósmyndari, Ásholti 2
Kemis ehf., Breiðhófa 15, box 9351
Landar ehf., Grandagarði 16
Lögreglustjórinn í Reykjavík, Hverfisgötu 113
Markaðsnefnd Mjólkuríðnaðarins, Bitruhálsi 2
Mjöll Frigg hf., Fosshálsi 3
Nitro ehf., Järnhálsi 2
Ríkislögreglustjórinn, Skulagötu 21
Sesarvídeó, Grensásvegi 14
Simþjónustan ehf., Laugavegi 103
Státurfélag Suðurlands, Fosshálsi 1
Smári Einarsson ehf., Þverholti 24
Spor ehf., Stórhöfða 33
Sportbarinn ehf., Álfiheimum 74
Tollstjórinn í Reykjavík, Tryggvagötu 19 box 5029
Umfang hf., Grensásvegi 12
Umferðarstofa, Borgartúni 30
Útanríkisráðuneytið, Rauðarárstíg 25
Útífararstofa Íslands ehf., Suðurrhlíð 35
Vaka hf., Eldshöfða 6
Vélaver hf., Lágmúla 7

SELTJARNARNES

Auðunn og Háfsleinn ehf., Svævargörðum 4
Bæjarins bezta ehf., Bollagörðum 11
Innrömmun Guðmundar, Eiðistorgi 15
Nesdekk ehf., Suðurströnd 4
Rauða Ljónið, Eiðistorgi 13-15
Seljtjarnarneskaupstaður, Austurströnd 2
Tónika ehf., Melabraut 35

VOGAR

Silungur ehf., Vatnsleysa
Vatnsleysustrandahreppur, löndal 2

KÓPAVOGUR

Arnardalur sf., Þinghólsbraut 58
Arnarverk ehf., Kórsólum 5
Áferð ehf., Blásólum 10
Álfm hf., Þinghólsbraut 44
Atak ehf. - bilaleiga, Smiðjuvegi 1
Baader Ísland ehf., Hafnarbraut 25
Barkasuða Guðmundar ehf., Vesturvör 27
Bifreiðaverkstæði Friðriks Ólafssonar ehf., Smiðjuvegi 22 - græn gata
Bifreiðaverkstæðið Toppur, Skemmuvegi 34
Bilaverkstæði Bubba sf., Skemmuvegi 18blá
Bilaverkstæði Kjarlans og Þorgeirs sf., Smiðjuvegi 48 rauð
Bilbro ehf., Skemmuvegi 26
Biljofur bifreiðaverkstæði ehf., Smiðjuvegi 68-70
Bilstal ehf., Askalind 3
Bilvogur ehf., Auðbrekku 17
Björn Traustason ehf., Smiðjuvegi 12
Blikkás - Funi ehf., Skemmuvegi 36 blei
Borgarvirki ehf., Hjallabrekku 22
Brimgljái ehf., Vallartröð 5
Byggðavik ehf., Hlégerði 7
Dukprýði sf., Helgubraut 27
Egill Vilhjálmsson ehf., Bröttutungu 9
Fiskbúðin okkar, Smiðjuvegi 8
Glervirki verktaki sf., Nybylavegi 104
Hagblíkk ehf., Smiðjuvegi 4c box 281
Hexa ehf. heildverlun, Smiðjuvegi 10 græn gata
Húsaklæðning ehf., Skemmuvegi 44
Íslandsspil sf., Smiðjuvegi 11a
J.R. Veitingar ehf., Breiðvangi 4
Járnsmiðjan, Dalvegi 24
Jumbó ehf., Kársnesbraut 112
Knastás hf., Skemmuvegi 4 blá gata
Krökur, Skeljabrekku 4
Lögmenn Kópavogi sf, Hamraborg 10
Málningarverk sf., Vesturvör 24
Panelofnar ehf., Smiðjuvegi 1
Partasalan, Skemmuvegi 32 bleik gata
Pétur Jónsson ehf., Dalvegi 26
Player's Sportcafé, Bæjarlind 4
Rafmiðlun ehf., Auðbrekku 2
Rafport ehf., Nybylavegi 14
Rafvirkinn sf., Laufbrekku 14
Reykofninn hf., Skemmuvegi 14 blei
Reynir bakari ehf., Dalvegi 4
Réttingaverkstæði Jóa ehf., Dalvegi 16a
Ræstingþjónustan sf., Smiðjuvegi 16

Sendibilastöð Kópavogs hf., Skemmuvegi 50 brun
Sérverk ehf., Akralind 6
Sjúkranuddstofa Sijju, Huldubraut 2
Smurstöðin Stórhjalla ehf., Stórhjalla 2
Stimpill, Akralind 9
Stíflupjónustan ehf., Kársnesbraut 57
Stjornublikk hf., Smiðjuvegi 11-e
Sylsumaðurinn í Kópavogi, Dalvegi 18
Trefag ehf., Ísalind 4
Tölvuvirkni ehf., Hlíðasmára 13
Verkfræðistofa Snorra Ingimarssonar ehf., Hamraborg 11
Vertaktar Magni ehf., Hæðarsmára 6
Vélaleiga Auberts, Hlíðarhjalli 7
www.mannval.is, Pósthólf 484
Þyrlupjónustan ehf., Hlíðarvegi 3

GARÐABÆR

10-11/Hraðkaup, Lyngási 17
Ásgeir Einarsson ehf., Garðarfliot 37
Bitabær ehf., Við Ásgarð
Gluggar og garðhús ehf., Smiðsbúð 10
Ísafoldarprentsmiðja ehf., Suðurhrauni 3
Nýbarði hjólbarðaverkstæði ehf., Goðatúni 4
Rásin sf., Hegranesi 21

HAFNARFJÖRÐUR

Ás - fasteignasala ehf., Fjarðargötu 17
Bifreiðaverkstæðið Loki sf., Flatahrauni 5b
Bilaleigan Atlas Greiði ehf., Dalshrauni 9
Bilaspítallinn ehf., Kaplahrauni 1
Bókhaldsstofa Vals, Dalshrauni 14
Clean Trend á Íslandi hf., Reykjavíkurvegi 64
Fasteignasalan Hraunhamar ehf., Bæjarhrauni 10
Feðgar ehf. - Byggingaverktakar, Fjóluluhi 13
Ferro Zink hf., Hjallahrauni 2
Finpussning ehf., Íshellar 2
Flói ehf., Fjóluhvammi 6
Fura ehf., Hringhellu 3 box 491
Glernaunaverrunin Sjónarhöll ehf., Reykjavíkurvegi 22
Hafnarbakkii hf. v/ Suðurrhófnina, Óseyrarbraut 8
Hlaðbær Colas hf., Hringhellu 6
Hurðir og gluggar hf., Kaplahrauni 17
Hvalur hf., Reykjavíkurvegi 48
Japanskar-vélar ehf., Dalshrauni 26
KIA Ísland, Flatahrauni 31
Kjarnavörur hf., Miðhrauni 16
Körfulþjónustan hf., Trönuhrauni 3
Lögmenn Hafnarfirði ehf., Reykjavíkurvegi 60

Lögmenn Thorsplaní sf., Fjarðargötu 11
Nýsir hf., Flatahrauni 5
Pennzoil - smurstöð, Hjallahrauni 4
Raf-x ehf., Kaplahrauni 7a
Stálskip hf., Trönuhrauni 6
Steinsteypusögum ehf., Stapahrauni 6
Suzuki umboðið ehf., Kaplahrauni 1
Te og kaffi, Stapahrauni 4
Tilveran veitingahús, Linnetstíg 1
Útvík ehf., Eyrartröð 7-9
Varahlutþjónustan sf, Íshellu 4
Vélaverkstæði Hjalta Einarssonar ehf., Melabraut 23

KEFLAVÍK

A. Óskarsson ehf., Heiðargerði 8
Bilasprautun Suðurnesja hf., Smiðjuvöllum 6
Brautarnesti, Hringbraut 93b
Brunavarnir Suðurnesja, Hringbraut 125
Fagtré hf., Flugvallarvegi
Fasteignasalan Stuðlaberg ehf., Hafnargötu 29
Fiskbúðin Fiskbær, Hringbraut 94
Flutningþjónusta Gunnars ehf., Hafnargötu 90 box 190
Guðis ehf, Vesturgötu 37
H. Þórðarson ehf., Krossholti 11
Hafnarbúðin, Hrannargötu 4
Húsagerðin ehf., Hólmgarði 2c
Húsanes ehf., Hafnargötu 12
Íslenska félagið ehf. / Ice group. ltd., Hafnargötu 90 box 191
Kaffi Duus ehf, Duusgötu 10
Langbest, Hafnargötu 62
Málverk sf., Skólavegi36
Nes Raf ehf., Hafnargötu 52
Nesprýði ehf, Vesturbraut 10-12
Norðurvör - FET ehf, Pósthólf 290
OSN Iagnir ehf., Smiðjuvöllum 6
Plastgerð Suðurnesja ehf., Framnesvegi 21
Rafiðn ehf., Vikurbraut 1
Reykjanesbær, Tjarnargötu 12
Samkaup hf, Hafnargötu 62
Smurstöð og hjólbarðþjónusta Björns og Þórðar, Vatnsnesvegi 16
Sólbaðs- og þrekmiðstöðin Perlan, Mávabrat 8b
Sparisjóðurinn í Keflavík, Tjarnargötu 12
Sylsumaðurinn í Keflavík, Vatnsnesvegi 33
Tæknivik ehf., Grofínni 14b
Tölvuþjónusta Vals, Hringbraut 92
Umbrot ehf., Vikurbraut 13 box 162
Ungó, Hafnargötu 6

Formannshornið

Óskar Bjartmarz 4

Ávarp dómsmálaráðherra

Björn Bjarnason 5

Orlofshús LL sumarið 2004

Skrifstofa LL 9

Reglur um úthlutun orlofshúsa

Skrifstofa LL 9

Edduhótelin um allt land

Orlofsnefnd 10

Náms og kynnisferð til Svíþjóðar og Finnlands.

Höskuldur B. Erlingsson

Hjálmar Kristjánsson 11

Flugslýsaefing á Ísfirði

Myndir Svans Elíssonar 14

Landsþingið í myndum

Guðm. Fylkis 16

Viðhorfskönnun með lögreglumanna

Grétar Jónasson 20

26. þing LL

Guðmundur Fylkisson 22

Íþróttæfni

Dagpeningar og

akstursgjald 33

Launatafla

34

LÖGREGLUMADURINN

RIT UM STÉTTAR- OG STARFSMÁLEFNI LÖGREGLUMANNA

Þegar þetta er ritað er ég í sól og blíðu upp í Munaðarnesi að njóta þess sem þar er. Búið er að setja heitan pott við hvern bústað þó reyndar enn sé verið að vinna að frágangi. Það að það eru komnir heitir pottar á að mínu viti eftir að gera mikið fyrir Munaðarnes sem orlofshverfi, ásóknin á eftir að aukast. Það er nú alltaf svo að mikið vill meira og þó að það sé búið að gera átak í leiktækjum fyrir börn við þjónustumiðstöðina þá hefði ég viljað sjá meira af leiktækjum í „hverfunum” því þegar maður er með ung börn þá fara þau ekki sjálf á milli hverfana til að fara í leiktækin. Bústaðirnir sjálfir virðast vera í góðu lagi, t.d. er búið að taka baðherbergið í gegn. Það er gaman að takast á við kolagrillið þegar maður er vanur að grilla á gasgrilli en þar sem maður er í frii á nægur tími á að vera til alls og maður byrjar bara klukkutíma fyrr að matbúa. Draumurinn er sá að við bústaðinn verði kolagrill og stærri ísskápur því í stofunni eru 2 stór kæli-box með matvöru og drykkjum því ekki kemst allt fyrir í þessum „hálfskápum”. Svo eru nú kannski ekki allir með stóra fjölskyldu eins og ég, 4 börn, og þurfa því ekki að vera með mikið af kælivöru. Ég ákvað það þegar ég kom í bústaðinn að ég væri þar til þess að njóta tímans og því var ég ekki að pirra mig á því þegar maðurinn í næsta bústað var að þvælast á sínum stóra fjallabíl fram og til baka milli bústaðana og eins gestir hans sem t.d. voru á jeppa og með fellihýsi. Bílastæðin fyrir bústaðina voru í 10-20 metra fjarlægð en þetta fólk tók á sig 200 metra krók til að komast nánast alveg upp að bústaðnum með tilheyrandi ónæði fyrir aðra. Ég er í Munaðarnesi fyrir eigin mistök en er bara ánægður með það. Ég mun að sjálfsögðu lesa betur umsóknareyðublaðið að ári og reyna að setja krossinn á réttan stað. Sótti um Fell og þegar ég fékk svarið og þar stóð að ég hafi fengið það sem ég bað um og þegar ég bað um það kom bros. Þegar ég síðan las Hátún 4 hvarf brosið og frúin brosti ekki í viku. Síðan kom listinn yfir laus hús að úthlutun lokinni þá skellti ég mér á hús nr. 69 í Munaðarnesi og naut þess í botn.

Blaðið er í þetta skiptið ekki efnismikið heldur mikið af myndum. Myndir segja reyndar meira en mörg orð en það er orðið þannig að það er erfitt að fá lögreglumenn til að skrifa. Í byrjun næsta árs eru lausir kjarasamningar okkar. Í haust er stefnt að kjararáðstefnu og því spurning hvort menn hafi ekki eitthvað að segja um kjaramál.

Guðmundur Fylkisson.

Forsíðan. Foto.is
Fyrsti úrskriftarhópur úr
Stjórnun 1.

Umbrot, prentun og bókband:
Ísafoldarprentsmiðja ehf.

Útgefandi: Landssamband lögreglumanna.
Umsjón: Guðmundur Fylkisson (g.fylkis.fml@rls.is)
Ábyrgðarmaður: Óskar Bjartmarz.
Ritnefnd: Erna Sigfúsdóttir, Jón Svanberg Hjartarson,
Þórhallur Árnason, Stefanía Vigfúsdóttir,
Sveinn I. Magnússon, Guðmundur Fylkisson.
Netfang: ll@bsrb.is

Formannshornið

Að loknu þingi

XXVI þing LL var haldið dagana 13. – 16. apríl s.l. í Munaðarnesi. Fyrir þinginu lágu 2 tillögur um megin breytingar á lögum LL. Báðar tillögurnar kváðu á um að beina aðild lögreglumanna að LL í stað þess að lögreglumenn væru aðilar að LL í gegnum aðildarfélögin.

Til viðbótar gengu tillögurnar, í grófum dráttum, út á eftirfarandi: Tillaga meirihluta stjórnar LL gerði ráð fyrir því að landssambandinu yrði skipt upp í svæðisdeildir og að þáverandi svæðisfélög yrðu þessar deildir og tækju þær yfir hlutverk félaganna, einnig að lögreglumenn myndu tilheyra þeirri deild sem væri á þeirra starfsvæði. Tillaga frá FÍR og fleirum gerði hins vegar ekki ráð fyrir að landssambandinu yrði svæða eða deildaskipt með neinum hætti heldur yrði megin stofn sambandsins byggður á trúnaðarmannaráði og aðalfundi árlega. Báðar tillögurnar gengur út frá því að efla trúnaðarmannakerfið inn- og á milli okkar raða.

Fyrir þingið var búið að reyna ýmislegt af báðum aðilum til að leysa úr ágreiningi en án teljandi árangurs, hins vegar voru báðir aðilar búnir að nálgast hvor annan í sinni tillögu smíð.

Þegar til þings kom var ekki mikil ástæða til bjartsýni um að hægt yrði að ná niðurstöðu í lagabreytingamálum sem báðir aðilar gætu sætt sig við. Upphaf þingsins gaf heldur ekki góð fyrirheit og stefndi allt í mikla hörku og stífni á báða bóga. Síðan gerðist það seinni hluta dags á öðrum degi þingsins að aðilar úr báðum hópum tóku að tala saman og skyndilega var kominn sáttahljóð og menn fóru að sjá ljós í myrkrinu.



Til að fara fljótt yfir sögu þá vann laganefnd þingsins fram á nótt og hóf störf aftur snemma morguns og þrátt fyrir að á stundum virtist sem öll sund væru að lokast aftur þá tókst nefndinni með aðkomu góðra manna að leggja fyrir þingið samhljóða tillögu um lagabreytingar þar sem sjónarmið beggja aðila voru inni. Að sjálfsgöðu höfðu báðir aðilar gefið eftir eitthvað af sínum sjónarmiðum um einstaka þætti en það er líka eðlilegt ef mögulegt á að vera að ná sameiginlegri niðurstöðu. Í lok þingsins var síðan lagt fram skjalið með sameiginlegri niðurstöðu laganefndar og þá gerðist það sem engum hefði getað órað fyrir þingið að tillagan var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum þ.e 39 þingfulltrúar af 39 sem áttu rétt til þingsetu greidda tillögunni atkvæði. Komin var samhljóða niðurstæða sem var eitthvað sem bjartsýnasta manni í heimi hér hefði ekki einu sinni getað dreymt um fyrir þingið.

Enn og aftur sýndu lögreglumenn hvers þeir eru megnugir þegar þeir leggjast á eitt. Þeir leystu verkefnið og sýndu og sönnuðu hversu mikilvægt það er að tala saman og sýna sjónarmiðum hvors annars virðingu.

Það var ljóst fyrir þingið að

mestur tími þingsins færi í þetta eina mál sem og varð en vonandi eru þessi mál að baki. Við þurfum strax í haust að hefja undirbúning að okkar kjarabaráttu vegna komandi kjaraviðræðna næsta vor. Ég er þess full viss að þar munum við eins og áður þegar á þarf að halda sýna samstöðu og leggjast á eitt til að tryggja og bæta kjaralega stöðu okkar.

*Gleðilegt sumar.
Óskar Bjartmarz*

Björn Bjarnason

Forsendur öflugrar löggæslu

*Þing Landssambands lögreglumanna,
Munaðarnesi, 13. apríl, 2004*

Mér er ánægja að fá tækifæri til að ávarpa ykkur hér í upphafi þings ykkar, ágætu lögreglumenn. Á því tæpa ári, sem liðið er síðan ég varð dómsmálaráðherra, hef ég átt gott samstarf við forystumenn ykkar, sem mér er ljúft að þakka. Ég minnst funda með þeim í ráðuneytinu og skrifstofu landssambandsins, þar sem við höfum rætt mikilvæg viðfangsefni og lagt á ráðin um úrlausn þeirra. Störf ykkar lögreglumanna eru mikils metin meðal þjóðarinnar eins og allar kannanir sýna. Þessi virðing sprettur ekki af sjálfu sér, heldur á hún rætur að rekja til þess, að menn vinna störf sín af alúð og árvekni. Ég lít á það sem mikilvægan þátt í hlutverki mínu að skapa ykkur sem bestar forsendur til að ná sem mestum árangri í störfum ykkar og búa þannig um hnúta, að öryggi ykkar sé gætt sem best. Sé þessi umgjörð í samræmi við kröfurnar, sem til ykkar eru gerðar, eykur hún öryggi hins almenna borgara. Í þessum anda beitti ég mér fyrir því, að skipulagi sérsvæitar lögreglunnar var breytt hinn 1. mars síðastliðinn. Með því að gera sveitina að stoðdeild undir yfirstjórn ríkislögreglustjóra er tryggt, að hún er alltaf til taks á höfuðborgarsvæðinu og með skömmum fyrirvara um land allt.

Í þessum anda hef ég flutt frumvarp til breytinga á lögum um meðferð opinberra mála. Þar er í **fyrsta lagi** að finna tillögur, sem snúa að vitnavernd ykkar lögreglumanna. Lagt er til, að þið getið notið verndar gegn ógn, sem ykkur og fjölskyldum ykkar getur stafað af sakborningum og öðrum, þannig að nafn viðkomandi lögreglumanns komi ekki fram í lögregluskýrslu, ef sakarefnið er með þeim hætti, að öryggis þess, sem



Björn Bjarnason.

gerir skýrslu eða sinnir annars rannsóknaraðgerð, geti stafað alvarleg ógn af því, að sakborningur og aðrir þekki nafn hans. Ástæða þessa er sú, að félagar í hópi ykkar hafa of oft orðið fyrir hótunum um líflát og annan ófarnað, sem einnig beinast að maka þeirra og börnum. Hafa sakborningar eða aðrir, sem tengjast viðkomandi máli, einnig hótad lögreglumönnum því, að sitja fyrir börnum þeirra á leið barnanna í og úr skóla. Þá hafa lögreglumenn og þeirra nánustu orðið fyrir eignaspjöllum og jafnvel árásum. Frumvarpið hefur í **öðru lagi** að geyma ákvæði, sem lúta að því að auðvelda lögreglu rannsókn mála. Lagt er til að heimildum lögreglu til að neita verjanda um aðgang að málgögnum verði breytt. Ef lögregla telur, að það geti torveldad eða skadað rannsókn málsins, að málgögn komist til vitundar sakbornings, geti lögregla neitað að veita verjanda aðgang að gögnum. Einnig er lagt til að lögreglu verði heimilað að taka yfirheyrslu af sakborningi og vitni upp á hljóð eða mynd, og er það að fengnum tillögum nefndar, sem skipuð var af dómsmálaráðuneytinu til að

fara yfir skipan reglna um hljóðritun lögreglu yfirheyrslna. Þá er lögð til heimild þess efnis, að sé brýn hættá á að bið eftir úrskurði um símhlustun geti valdið sakarspjöllum, geti ákærvaldshafi ákveðið að símhlustun skuli fara fram án úrskurðar, en ávallt verði leitað úrskurðar dómstóls innan sólarhrings, frá því að heimild ákærvaldshafa er veitt. Gert er ráð fyrir, að dómari sendi um það tilkynningu til dómsmálaráðherra, komist hann að þeirri niðurstöðu, að símhlerunin hafi ekki verið heimil.

Ég geri mér vonir um, að þetta frumvarp verði samþykkt nú á vorþinginu, en ýmsir hafa orðið til þess að gera efni þess tortryggilegt í opinberum umræðum. Látið er í veðri vaka, að með frumvarpinu sé verið að veita lögreglu of miklar heimildir og gefið til kynna, að í skjóli þeirra verði um ólögmaeta ágengni lögreglu í garð einstaklinga að ræða. Neikvæð afstaða af þessum toga stangast alfarið á við hið mikla traust, sem almenningur ber til lögreglunnar. Þetta traust hefur skapast vegna þess, að lögreglan fer af hófsemd og virðingu með það vald, sem henni er veitt, og á því er tekið af fullum þunga, ef út af er brugðið. Lögregla getur ekki frekar en aðrir náð þeim árangri, sem af henni er krafist, nema hún hafi góð tæki í höndunum. Breytingar á reglum um símhlustun taka mið af nýrri tækni. Tíð skipti á sínum og númerum hjá þeim, sem sæta hlustun hafa orðið til réttarspjalla. Gagnrýnendur þessara breytinga ættu, að minnast þess, að úrskurður um símhlustun kveður á um hlustun á samtal við tiltekið símanúmer eða tiltekið fjarskiptatæki, en ekki símtöl ákveðins aðila í ótilteknum

sínum. Ég get alls ekki sett mig í spor þeirra, sem vilja koma í veg fyrir, að lögregla geti staðist hinni nýju símatækni snúning. Andstaða við það byggist annað hvort á vanþekkingu eða viðleitni til að veita þeim skjól, sem leitast við að brjóta lögin. Símhlustun er eitt-hver öflugasta leiðin til að upplýsa afbrot. Allt, sem gert er til að bregða fæti fyrir, að lögregla geti nýtt sér þessa leið innan skýrra lagamarka, er til hagsbóta fyrir lögbjóta. Svo einfalt er þetta mál og með öllu óþarft að gera það flókið með yfirborðskenndum yfirlýsingum um, að nú sé íslensk lögregla að fá heimild til að hlera allt og alla, þegar henni dettur það í hug. Hið rétta er, að fáist þessar heimildir ekki standa íslenskir lögreglumenn verr að vígi í þessu efni en starfsbræður þeirra í nágranna-löndunum.

Gagnrýni á tillögur um breytingar á útlendingalögunum, sem liggja fyrir alþingi, er einnig því marki brennd, að þar er alið á tortryggni í garð lögreglu og annarra yfirvalda, þegar leitað er heimildar löggjafans til að nýta ný úrræði til að takast á við nýja tegund afbrota. Á undanföllum árum hefur Útlendingastofnun sent mál 24 einstaklinga til frekari rannsóknar hjá lögreglu vegna gruns um mála-myndahjónabönd, svo að dæmi sé tekið. Stofnunin hefur vegna mála af þessum toga haft til umfjöllunar mál 50-60 einstaklinga á seinustu þremur árum, en vegna ágalla á lögum, hefur ekki þótt fært að aðhafast neitt. Lögreglan hefur athugað þessi mál en fæst þeirra hafa farið til eiginlegrar lögreglu-rannsóknar, þar sem ekki hefur þótt unnt samkvæmt gildandi lögum að færa sönnur á, að um refsivert athæfi geti verið að ræða.

Þegar flutt er frumvarp til að bæta úr þessum ágalla á útlendingalögunum, er stofnað til undirskriftarsöfnunar og hafðar eru uppi ásakanir um mannréttindabrot. Hvernig getur það verið virðing fyrir mannréttindum, að auðveldi fólki að ganga í hjúpskap til þess eins að skapa gervimakanum forsendur til að öðlast dvalarleyfi? Þeir, sem þetta gagnrýna, lifa ekki í samtímanum, þar sem smygl á fólki er jafnvel meiri tekjulind en fikniefnasmýgl. Ég á erfitt með að

trúa því, að ungt fólk vilji, að Ísland verði gridastaður fyrir þá, sem skipuleggja alþjóðlega glæpastarfsemi af þessum toga.

Ágætu lögreglumenn!

Mikið er rætt um það í Bandaríkjunum um þessar mundir, hvort skilja hefði átt leynilegt minnisblað til Bandaríkjaforseta frá 6. ágúst 2001 sem forsögn um árásina miklu 11. september 2001. Hvernig sem menn túlka þetta minnisblað og viðbrögð Bandaríkjaforseta eða stjórnar hans við því, segir það okkur, að lengi var vitað, að illmennið Osama bin Laden væri að skipuleggja ódæðisverk á hendur Bandaríkjunum. Spurningin var, hvar, hvenær og hvernig hann mundi láta til skarar skriða.

Vafalaust eru einnig til leynileg minnisblöð stjórnvalda í Madrid um hættuna af því, að hryðjuverkamenn mundu fyrr eða síðar láta til skarar skriða þar. Ég efast hins vegar um, að nokkur hafi gert um það minnisblað til stjórnvalda, að í næsta bæ við okkur, Stafangri í Noregi, yrði framið bankarín af vélbyssumönnum í skotheldum vestum – lögreglumaður yrði skotin með köldu blóði og ekki tækist að ná hinum seku. Ég tel á hinn bóginn víst, að einhverjum hafi þótt óþarfi í Noregi, að búa lögreglu þar undir slíkt óhæfuverk. – Engum dytti í hug að ganga þar fram af slíkri grimmd og þess vegna væri ekki þörf á því að þjálfra sérsveit eða útvega henni nauðsynlegan varnabúnað og vopn. Ég vil ekki sem dómsmálaráðherra bera ábyrgð á því, að ekki sé hugað sem mest og best að öryggi íslenskra lögreglumanna – þess vegna vil ég efla sérsveit lögreglunnar og þess vegna vil ég færa lögreglunni lögmæt tæki til að takast á við nýja tækni og nýja tegund afbrota. Ég heiti á liðsinni Landssambands lögreglumanna til að vinna þessum stefnumálum brautargengi.

Góðir áheyrendur!

Breytingarnar á lögum og skipulagi lögreglu, sem ég hef nefnt, eru að mínu mati þess eðlis, að brýnt er að hrinda þeim þegar í framkvæmd eins og ég hef rakið. Í vinnslu eru síðan aðrar og jafnvel

umfangsmeiri breytingar á skipulagi lögreglunnar.

Í nóvember á síðasta ári setti ég á laggirnar verkefnisstjórn um nýskipan lögreglumála undir formennsku Stefáns Eiríkssonar skrifstofustjóra og fól henni tvö verkefni. **Annars vegar** að gera tillögur um nýtt skipulag lögreglunnar með það að markmiði að styrkja og efla starfsemi lögreglu og sýslumanna, auk þess að bæta nýtingu þeirra fjármuna sem til embættanna er varið, og **hins vegar** að móta löggæsluáætlun til næstu ára, þar sem kynnt er forgangsroð við úrlausn verkefna og sett eru mælanleg markmið fyrir löggæsluna. Verkefnisstjórnin vinnur ekki að breytingum breytinganna vegna heldur er makmiðið eins og ávallt, að löggæsla og ákærvald eigi í fullu tré við þá, sem gerast brotlegir við lögin, og standi helst fæti frammar. Stefnit er að því, að fyrstu tillögur um þetta efni sjái fljótlega dagsins ljós. Ég veit ekki í hvaða mynd þær verða kynntar. Ef hrinda á breytingum í framkvæmd, verður lögd áhersla á breiða samstöðu og skiptir þá afstaða ykkar lögreglumanna miklu.

Góð grunn- og framhaldsmenntun lögreglumanna er mikilvægur liður í að tryggja öfluga löggæslu og traust til lögreglunnar. Lögregluskóli ríkisins hefur sinnt hlutverki sínu með miklum ágætum og stjórnendur hans kynntu mér nýlega framsæknar hugmyndir um nýtt skipulag, sem enn á að bæta lögreglumenntunina. Ég fól skólustjóra Lögregluskólans að vinna að framgangi þessara hugmynda og nánari útfærslu í náinni samvinnu við alla, sem hlut eiga að máli, þar á meðal Landssamband lögreglumanna. Í næsta mánuði er von á lokatillögum um nýtt skipulag skólans.

Síðastliðinn miðvikudag flutti ég erindi í stjórnunarnámi Lögregluskóla ríkisins og svaraði fyrirspurnum um ný viðhorf í löggæslu- og öryggismálum. Það var skemmtilegt að fá tækifæri til að taka þátt í lokasenu þessa stjórnunarnámskeiðs, sem er hið fyrsta sinnar tegundar. Frekari uppbygging framhaldsnáms af þessum toga er afar mikilvægur þáttur í metnaðarfullri viðleitni til að bæta

innra starf lögreglunnar enn frekar. Markmið okkar allra hér inni er eitt og hið sama, það er að tryggja eins vel og unnt er öryggi Íslendinga og gera lögreglu og ákærvaldi betur kleift að takast á við afbrot í öllum myndum. Breytingar, sem ég hef þegar kynnt og talað fyrir miða að þessu. Þær miða alls ekki að því að skerða frelsi eða réttindi hins friðsama borgara.

Ég vil að lokum enn á ný þakka fyrir að fá tækifæri til að ávarpa ykkur hér í upphafi þings ykkar. Ég lýsi þeirri von, að þingstórfin skili ykkur félagslega góðum árangri og verði enn til að efla virðingu lögreglunnar meðal íslensku þjóðarinnar.



**TIL
DANMERKUR
Í FRÍÐ** BÍLALEIGA – SUMARHÚS

ÓDÝRIR bílaleigubílar
fyrir Íslendinga, t.d. vikugjald Dkr. 1.975

SUMARHÚS FRÁ **DANCENTER**
Verðlisti með yfir 7000 sumarhúsum um
alla Danmörku

ÍBÚÐIR Í ORLOFSHVERFUM
Lalandia

Verið velkomin á heimasíðu okkar
www.fylkir.is

International Car Rental

Umboðsmaður: Fylkir Ágústsson
Fjarðarstræti 15
400 Ísafjörður

Fáið sendar frekari upplýsingar
Sími 456 3745
Netfang: fylkirag@fylkir.is
Veffang: <http://www.fylkir.is>



**Leyfðu okkur
að vaka yfir þér**

Öryggismiðstöð Íslands - **pitt** öryggi



ÖRYGGISMIÐSTÖÐ ÍSLANDS

Borgartúni 31 · 105 Reykjavík · Sími 530 2400 · Fax 530 2401 · www.oi.is

Eftirtaldir aðilar óska lögreglumönnum velfarnaðar í starfi:

Útfararþjónusta Suðurnesja, Vesturbraut 8

Verkalyðs- og sjómannafél. Keflavíkur og nágrennis, Hafnargötu 80

Verslunarmannafélag Suðurnesja, Vatnsnesvegji 14

Vikurgriлли Zelan, Hafnargötu 21

Keflavíkurflugvöllur

Flugstöð Leifs Eiríkssonar hf., Keflavíkurflugvelli

Suðurflug ehf., Keflavíkurflugvelli

Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli, Grænási

GRINDAVÍK

Aðal-Braut ehf, Vikurbraut 13

Bláa lónið hf., Svartsengi

G.G.Sigurðsson ehf., Heiðarhrauni 52

Grindavíkurbær, Vikurbraut 62

Hörður Helgason, rafverktaki, Hafnargötu 7b

Jens Valgeir ehf, lðavöllum 8

Krosshús ehf., Efstahrauni 5

Rafborg ehf., Vikurbraut 27

Sjómannastofan Viðir, Hafnargötu 9

Stakkavík ehf., Bakkalág 15b

Vélsmiðja Grindavíkur ehf, Seljabót 3

GARÐUR

Hölmsteinn hf., Smáraföt

Nesfiskur ehf., Gerðavegi 32

Raflagnavinnustofa Sigurðar Ingvarssonar, Heiðartúni 2

Sveitarfélagið Garður, Melbraut 3

NJARÐVÍK

Biðskilyði Njarðvík ehf., Hólagötu 20

Bílar GS sport, Brekkustig 38

Bílar og hjól ehf, Njarðarbraut 11d

Eldafell ehf, Fitjabraut 3

Fram foods Ísland hf., Brekkustig 22

Hitaveita Suðurnesja, Brekkustig 36

Póstþjónusta Bjarkars, Fitjabraut 4

Renniverkstæði Jens Tómassonar ehf., Fitjabakka 1c

Toyota salurinn, Njarðarbraut 19

MOSFELLSBÆR

Eyjaberg ehf, Eyjum II

Eyjólfur Sigurðsson ehf., Barrholti 9

Framköllun Mosfellsbæjar ehf., Þverholti 9

Glertækni ehf., Grænamýri 3

Hjólbarðaverkstæði Bæjardekk ehf., Langatanga 1a

Ísflug ehf., Reykjavegi 36

Sætak ehf, Björtuhlíð 11

Velaleiga Guðjóns Haraldssonar, Markholti 14

AKRANES

Bífréiðastöð Þórðar P. Þórðarsonar hf., Dalbraut 6

Ebbi ehf., Jaðarsbraut 23

Haraldur Boðvarsson hf., Bärugötu 8-10

Innri-Akraneshreppur, Heynesi

Íslenska járnblendifélagið Grundartanga

Logfræðistofa Vesturlands ehf., Sunnubraut 21

Rafnes sf., Heiðargerði 7

Sandblástur Sigurjóns ehf., Furugrund 39

Skagaverk ehf., Skarðsbraut 11

Skilmannahreppur, Innrimel 2

Smurstöðin Akranesi sf., Smiðjuvöllum 2

Spólur ehf., Mánabraut 20

Sýslumaðurinn á Akranesi, Stíllholti 16-18

Trésmiðjan Kjölnur ehf., Akurbraut 11

Veitingaskálinn Ferstikla, Hvalfirði

Vélsmiðja Ólafs R. Guðjónssonar ehf., Smiðjuvöllum 6

BORGARNES

Bilasala Vesturlands sf., Höfðaholti 4

Borgarbyggð, Borgarbraut 11

Borgarverk ehf., Solbakka 17-19

JG vélar sf, Kveldúlfsgötu 18

Kolbeinsstaðahreppur, Ásbrún

Loftorka Borgarnesi ehf., Engjaási 2-8

Logfræðistofa Inga Tryggvasonar ehf., Borgarbraut 61

Shellstöðin Borgarnesi, Brúartorgi 6

Skorradalshreppur, Grund

Sparisjóður Mýrasýslu, Borgarbraut 14

Vélaverkstæðið Vogalæk, Álfitaneshreppi

Völundur Sigurbjörnsson, Fálakleitti 8

ÓLAFSVÍK

Fískiðjan Bylgja ehf., Bankastræti 1

Grimsi ehf., Hjallabrekku 5

Hellissandur

Esjar ehf, Hafnargötu 14

Hjallasandur ehf., Helluhóli 3

Nesver, Háarifí 19

Skarðsvík hf, Munaðarhóli 10

BÚÐARDALUR

Mjólkursamlagið Búðardal, Brekkuhvammí 15

Sýslumaðurinn í Búðardal, Miðbraut 11

ÍSAFJÖRÐUR

Brattur ehf, Góuholti 8

Ferðaþjónusta Margrétar og Guðna ehf., Mánagötu 1

Héraðsdómur Vestfirjarða, Hafnarstræti 1

Ísfang hf., Suðurgötu 12

Kubbur ehf., Grænagarði

Lögsyn hf., Hafnarstræti 1

Miðfell hf., Sindragötu 1

Oliufélag útvegsmanna, Hafnarhúsinu

Orkubú Vestfirjarða, Stakkanesi 1

Pizza 67 Ísafirði, Hafnarstræti 12

Rörtækni hf., Sindragötu 12b

Sýslumaðurinn á Ísafirði, Hafnarstræti 1

Tarfnes ehf. - Ísafirði, Urðarvegi 24

Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsen hf., Hafnarstræti 1

BOLUNGARVÍK

Jakob Valgeir, Grundarstig 5

Sýslumaðurinn í Bolungarvík, Aðalstræti 12

Útgerðarfélagið Ós ehf., Hjallastræti 19

SÚÐAVÍK

Súðavíkurhreppur, Grundarstræti 1-3

TÁLKNAFJÖRÐUR

Garra útgerðin, Strandgötu 40

Hraðfyrstihús Tálknafjarðar hf., Miðtúni 3

Þorbjörn tálkni ehf., Eyrarhúsum

Þorsberg ehf., Pósthólf 90

BÍLDUDALUR

Mardöll ehf, Dalbraut 11

ÞINGEYRI

Norðurborg, Hafnarstræti 23

BRÚ

Höltur sf., Fjarðarhorn

Staðarskáli, Hrutafirði

HÓLMÁVÍK

Sýslumaðurinn á Hólmavík, Hafnarbraut 25

HVAMMSTANGI

B. Ástvaldur Benediktsson, Melavegi 2

Bilagerði ehf., Eyrarlandi 1

BLÖNDUÓS

Bílaþjónustan ehf., Efstubraut 2

Stéttarfélagið Samstaða, Þverbraut 1

Stígandi hf., Húnabraut 29

Sýslumaðurinn á Blönduósi, Hnjúkabyggð 33

Tvisturinn sf., Norðurlandsvegji 1

SKAGASTRÖND

Höfðahreppur, Túnbraut 1-3

SAUÐÁRKRÓKUR

Bífréiðaverkstæði Kaupfélags Skagfirðinga, Freyjugötu 9

Bókabúð Brynjars, Kaupangstorgi 1

Element hf, v/ Faxatorg

Hesturinn, Sæmundargötu 3

Héraðsdómur Norðurlands vestra, Skagfirðingabraut 21

K-Tak hf, Borgartúni 1

Norðurtak ehf, Dalatúni 14

S.E. verktakar, Fornási 10

Stoð ehf verkfræðistofa, Aðalgötu 21

Sýslumaðurinn á Sauðárkróki, Suðurgötu 1

Verslun Haraldar Júlíussonar, Aðalgötu 22

HOFÓS

Bergeyjan ehf., Kirkjugötu 9

SIGLUFJÖRÐUR

Allinn ehf- sportbar, Holtsbúð 27

Byggingafélagið Berg ehf., Norðurgötu 16

Þormóður Eyjólfsson hf., Aðalgötu 15

AKUREYRI

Aðstoð sf., Hlíðargötu 1

Aksjón ehf., Strandgötu 31

Akureyrarbær, Geislagötu 9

Arnarfell, Sjöfnarnesi 2-4

Ásbjörg - Flóra ehf., Frostagötu 2a

Baldur Ragnarsson, rafverktaki, Tungusíðu 4

Bífréiðaverkstæði Bjarnhéðins hf., Fjölningstötu 2a

Bífréiðaverkstæði Sig. Valdimarssonar ehf., Óseyri 5a

Bláa Kannan, Hafnarstræti 96

Blikk og tækniþjónustan hf., Kaldbaksgötu 2

Borgarbió, Hólbraut 12

Bútur sf., Birkilundi 11

Fasteignasalan HOLT ehf., Strandgötu 13

Úthlutun orlofshúsa

Orlofshús

LL sumarið 2004

Úthlutun orlofshúsa hefur nú þegar farið fram en rétt þykir að geta þess sem í boði var því alltaf eru nokkrar vikur sem ekki ganga út í fyrstu lotu. Nýjasti valkosturinn er sá að orlofsnefndin tók þá ákvörðun að skipta út litla húsinu sem við vorum með í Munaðarnesi fyrir stórt hús í Stóru-Skógum en Stóru-Skógar eru nánast á sama svæði og Munaðarnes en eru húsinn þar 10 árum yngri. Miklar endurbætur hafa verið í gangi á báðum svæðunum og eiga heitir pottar að vera komnir við öll húsin þegar leiga hefst og eru miklar væntingar um að það auki vinsældir staðarins.

Suðurland

Reykjavík

Íbúðin okkar í Hátúni 4, 2. hæð, í Reykjavík hefur sannað ágæti sitt. Nýting og eftirspurn hefur verið mjög góð. Um er að ræða 3ja herbergja íbúð á frábærum stað. Hjónaherbergi er með barnarúmi, barnaherbergi er með 2 rúmum og í stofu er hornsófi sem hægt er að breyta í tvíbreitt rúm. Auk þess

eru tvær lausar dýnur. Sex sængur og koddar eru í íbúðinni og er hægt er að leigja sængurfatnað (lín) gegn vægu verði þ.e. 400 kr. fyrir manninn. Lyklar eru afhentir í samráði við skrifstofuna annað hvort á skrifstofunni eða á lögreglustöðinni eftir því sem hentar. Það er von okkar að sem flestir sjái sér hag í að nýta sér þessa góðu aðstöðu í höfuðborginni.

Vikuleigan er kr. 17.000 sumarið. Haust og vetur kr. 14.000. Leigutími: Allt árið.

Fell í Biskupstungum

Fell í Biskupstungum hefur vakið mikla lukku þann tíma sem við höfum haft það til umráða. Húsið er um 140 fm. að stærð með 8 rúmstæðum og 6 lausum dýnum svo allt að 14 manns getur gíst og eru sængur og koddar fyrir 12 til staðar. Búið er að endurbýggja húsið allt að innan á mjög smekklegan hátt með öllum nýtísku þægindum. Einnig er stór og góð sólverönd út frá stofunni þar sem er heitur pottur.

Dvalargestir þurfa að hafa með

sér sængurfatnað (lín), handklæði, diskapurrkur, sápu og salernis-pappír. Lyklar eru afhentir á lögreglustöðinni á Selfossi.

Fell er um 100 km frá Reykjavík og þaðan er stutt til margra vinsælla ferðamannastaða allt um kring, s.s. Gullfoss, Geysis, Laugarvatns, Þingvalla o.fl. Næsti þéttbýliskjarni, er Reykholt í Biskupstungum, (1,5 km) þar er sundlaug, verslun, veitingar, banki, íþróttahús o.fl.

Vikuleigan er kr. 17.000 sumarið. Haust og vetur kr. 15.000. Leigutími: Allt árið.

Vesturland

Munaðarnes hús nr. 5, 69, 43 og Stóru-Skógar hús nr. 6.

Munaðarnes í Borgarfirði er óþarft að kynna því margir hafa dvalist þar í gegnum árin. Í sumar bjóðum við upp á þrjú stór hús í Munaðarnesi og eitt í Stóru-Skógum sem gert er ráð fyrir 6-8 manns geti dvalið í. Stóru-Skógar eru vestan megin við þjóðveg 1 þar sem afleggjarnir mætast niður í Munaðarnes og upp í Stóru-Skóga. Í Borgar-

Reglur um úthlutun orlofshúsa

- Allir fullgildir félagar í Landssambandi lögreglumanna eiga rétt á að sækja um orlofshús sem í boði eru á hverjum tíma.
- Fullgildur félagi í Landssambandi lögreglumanna safnar orlofspunktum, eitt ár í starfi gefur 2 punkta. Hver úthlutun kostar ákveðið marga punkta eftir nánari ákvörðun orlofsnefndar. Sjá neðar.
- Sá sem fær úthlutað orlofshúsi fær tilkynningu senda bréflaga.
- Geti sá sem úthlutun hefur hlotið ekki nýtt sér húsið skal það tilkynnt til skrifstofu Landssambandsins eins fljótt og hægt er. Ef húsi er skilað með skemmri fyrirvara en einni viku verður 1 refsipunktur dreginn af viðkomandi.
- Orlofspunktur dragast af þeim sem nýta sér lausar vikur.
- Félagar í lífeyrisþegadeild LL eiga forgang að úthlutun fyrstu 4 vikur orlofstímabilsins en starfandi lögreglumenn hafa forgang frá miðjum júní..

Punktanothun:

14. maí - 11. júní	4 punktar
11. júní - 25. júní	12 punktar
25. júní - 6. ágúst	15 punktar
6. ágúst - 20. ágúst	12 punktar
20. ág - 10. september	7 punktar

firði eru ótal útivistarmöguleikar. Sundlaugin að Varmalandi, Grábrók og eins hefur Skógrækt ríkisins opnað reit sinn við Hreðavatn til útivistar og gert gönguleiðir um svæðið, sem er sérstaklega skemmtilegt. Þjónustumiðstöðin í Munaðarnesi þjónar báðum svæðunum og þar er sængurfatnaður afhentur dvalargestum að kostnaðarlausu.

Heitir pottar eru komnir við öll húsín.

Vikuleigan er kr. 17.000. Eftir miðjan ágúst lækkar leigan í kr. 14.000.

Leigutími: 11. júní til 10. september.

Norðurland

Akureyri

Orlofsíbúð LL í Helgamagrastræti 45 er 3ja herbergja, í alla staði mjög góð fyrir 4-6 manns. Í henni er mjög gott hjónaherbergi, með barnarúmi. Í barnaherbergi eru stórar kojur. Auk þess er svefn-sófi í stofu og lausar dýnur fyrir stuttan tíma. Sex sængur og koddar eru til staðar. Nýtt parket er á allri íbúðinni sem gerir hana enn notarlegri. Sólpallur er vestanmegin við húsið og hefur garðurinn verið yfirfarinn talsvert. Dvalargestir þurfa að hafa með sér sængurfatnað (lín), handklæði, diskapurrkur, sápu og salernispappír.

Vikuleigan er kr. 17.000 sumaríð. Haust og vetur 14.000. Leigutími: Allt árið.

Fagranes - Aðaldalur

Nú þegar hefur fjöldi lögreglumanna dvalið í Fagranesi og allir sem einn róma staðinn, náttúruna og ekki síst hjónin þau Guðmund og Sigurveigu í Fagranesi. Þau hafa verið óþreytandi við að dekra við okkur og gera dvölinna í húsinu sem ánægjulegasta. Húsið stendur á norðurbakka Vestmannsvatns um 105 fm og rúmar auðveldlega 6-8 manns. Vegalengdir: Akureyri - Fagranes um 80 km., Fagranes - Húsavík um 31 km. Húsinu fylgir afnot af bát í samráði við ábúendur. Dvalargestir þurfa að hafa með sér sængurfatnað (lín), handklæði, diskapurrkur, sápu og salernispappír. Heitur pottur er við húsið sem gerir dvölinna enn meira spennandi. Þingeyjasýsla hefur upp á ótal spennandi náttúruperlur að bjóða sem vert er að skoða.

Vikuleigan er kr. 17.000 sumaríð. Haust og vetur 14.000. Leigutími: Allt árið.

Austurland

Eiðar

Sumarhúsabyggð BSRB að Eiðum stendur við Eiðavatn og þar á LL eitt hús með þremur svefnherbergjum (6 svefnstæði og 2 aukadýnur), stofu og eldhúsi. fylgir húsinu árabátur. Stefnt er að því að bæta við leiktækjum við svæðið í sumar. Eddu Hóтелиð á Eiðum sér um að afhenda lykla og rúmfatnað. Egilsstaðir er næsti þéttbýliskjarni, en þangað er um 12 km. Þar er sundlaug, verslanir, banki o.fl.

Náttúrufegurð Fljótsdalshéraðs lengi verið rómuð fyrir utan hvað kjöríð er að gefa sér tíma til að skoða Austurlandið.

Leigutími: Frá 11. júní - 10. september.

Einarsstaðir

Síðastliðin sumur hefur orlofsnefndin aukið fjölbreytni dvalarstaða með húsaskiptum við Austfirðinga. Fengu þeir afnot af einu af okkar húsum í Munaðarnesi gegn þeirra húsi að Einarsstöðum. Þetta hefur mælst mjög vel fyrir. Þess ber að geta að búíð er að endurbæta húsið mikið, ný eldhúsinnetting og eldavél með ofni o.fl. Þjónusta við orlofshúsin er veitt frá Úlfsstöðum en þar eru einnig veittar upplýsingar um nágrennið og seldar ýmsar dagvörur. Í þjónustumiðstöðinni eru einnig seld silungsveiðileyfi. Einarsstaðir eru u.þ.b. 11 km í suður frá Egilsstöðum sem er næsta þéttbýli. Húsin eru leigð með hefðbundnum búnaði fyrir 6-8 manns. Sængurfatnaður fylgir ekki en hægt er að fá hann leigðan á vægu verði.

Leigutími: Frá 11. júní - 20. ágúst.

Vikuleigan að Eiðum og Einarsstöðum er kr. 14.000. Eftir miðjan ágúst lækkar leigan í kr. 11.000 en á báðum stöðum er um stærri gerð húsa að ræða.

14. maí - 11. júní hafa lífeyrisþegar forgang að dvöl í orlofshúsum LL.

Edduhótelin um allt land - Stéttarfélagssafsláttur

Eins og undanfarin sumur verða í boði fyrir félagsmenn niðurgreiddir gistimöguleikar á Edduhótelunum. Verð á greiðslumiða er 3.700 kr. Greiðslumiðar verða seldir á skrifstofu LL frá og með 1. júní og gilda fyrir tveggja manna herbergi með handlaug. Sé óskað eftir herbergi með baði verður að greiða aukalega fyrir það kr. 4.300. Athugið að aukagjald fyrir herbergi með baði er kr. 5.500 á Hótel Eddu Plus á Akureyri, Laugum í Sælingsdal, Hellissandi og Vík. Leyfilegt er að hafa börn hjá sér í herbergi ef fólk kemur með svefnpoka eða rúmföt. Hóтелиð útvegar dýnur án gjalds. Miðarnir gilda á öllum Edduhótelunum 16, víðs vegar um

landið. Gestir sjá sjálfir um að bóka gistingu. Morgunverður er ekki innifalinn. Þegar keyptar eru veitingar á Edduhótelunum fá börn 0-5 ára frían mat en 6-12 ára greiða hálf gjald. Þetta orlofstilboð kostar enga orlofspunkta.

Edduhótelin eru almennt opin á tímabilinu byrjun júní til ágústloka en þó eru undantekningar á því sem félagsmönnum er bent á að kynna sér sérstaklega hjá starfsmönnum Edduhótelanna í síma 444 4000. Upplýsingar um Edduhótelin er einnig að finna á heimasíðu www.hoteledda.is.

Orlofsnefnd LL

Höskuldur B. Erlingsson
— Hjálmar Kristjánsson

Náms - og kynnisferð til Svíþjóðar og Finnlands

Dagana 11-20 nóvember sl. lögðum við félagarnir, Höskuldur B. Erlingsson og Hjálmar Kristjánsson, upp í náms- og kynnisferð til Svíþjóðar og Finnlands. Tílefni ferðarinnar var þrískipt. Fyrst er þar að nefna heimsókn til lögreglunnar í Gautaborg og þá með það í huga að skoða hundadeild lögreglunnar þar. Í annan stað ráðstefna NPHU (Nordisk polishund union) sem haldin yrði í Tampere í Finnlandi, og svo heimsókn til lögregluhundaskóla finnsku lögreglunnar í Håmmennlinna.

Ferðin hófst í Gautaborg í Svíþjóð. Gistum við þar hjá félag okkar Þorvaldi Steinssyni og Söru konu hans. Þau eru nýlega flutt til Svíþjóðar en þar eiga þau Grámanns ræktunina sem sérhæfir sig í ræktun þýskra fjárhunda. Á öðrum degi dvalar okkar í Gautaborg heimsóttum við hundadeild lögreglunnar þar í borg. Þar tók á móti okkur Leif Carlsson sem er yfirmaður hundaeildarinnar en Höskuldur hefur verið í sambandi við hann sl.ár. Leif er jafnframt ræktandi belgískra fjárhunda en Höskuldur hefur haft mikinn áhuga á þeirri hundategund og hefur hugsað sér að flytja inn slíka hunda til Íslands ef allt gengur upp. Mikil aukning hefur orðið í notkun þessarra hunda hjá lögreglu þar sem að minna er af arfgengum sjúkdómum hjá þeim. Hins vegar er ljóst að þessir hundar eru ekki eins meðfærligir og þýski fjárhundurinn og ekki fyrir hvern sem er að þjálfa upp.

Við eyddum sum sé degi þarna með hundadeildinni og var okkur sýnd fikniefnaleit, vopnaleit, sporaleit, víðavangsléit og árasarþjálfun. Flestir þessarra hunda sem við sáum þarna voru af tegundinni Malinois sem er sumsé belgíska heitið á þessum belgíska



fjárhundi. Það vakti athygli okkar að þegar Leif stjórnaði víðavangsléitinni þá gerði hann það með hendur í vösum og notaði einungis flautu til að skipa hundinum fyrir.

Vorum við feykilega hrifnir af þessum hundum og voru þeir að sýna mjög skemmtilega vinnu fyrir utan það að vera skemmtilegir og kátir hundar.

Á meðan við vorum þarna þá kom beiðni um að lögreglumenn kæmu með hunda að leita manns sem stökk út úr bifreið eftir að hafa ekið á aðra bifreið. Á leiðinni á staðinn komu upplýsingar um það að búíð væri að handtaka mann sem væri grunaður um þetta brot, en lögreglumönnum datt í hug að reyna að láta hund rekja spor frá bílnum og sjá hvert það lægi og hvort hægt væri að staðfesta að sá sem handtekinn var sé sá sem að á bifreiðinni hefði verið. Lögreglumaður með Malinois lögregluhund rakti spor frá bifreiðinni um íbúða-

hverfi. Allt á malbiki sem er mjög erfitt þar sem að það er mikil önnur lykt sem trufar og lyktin sem hundurinn fer eftir er fljót að hverfa á malbiki. Hundurinn rakti slóðina að hraðbrautinni, (3 akreinar í hvora átt) en þar sem lögreglumaðurinn lagði ekki í að fara yfir með hundinn, þá lét hann sækja sig. Það var ekið út úr hverfinu og að hraðbrautinni hinum megin.

Þar pikkaði hundurinn aftur upp sporið, rakti það inn í verksmiðjuhverfi þar sem að hundurinn fór inn um stórar dyr, og inn í vinnslusal þar sem að var fólk að vinnu. Lögreglumaðurinn spurði fólkið hvort að einhver óviðkomandi hefði komið þarna og fólkið jánkadi því og sagði mann hafa komið inn í salinn á hlaupum, hafa hlaupið þarna hring eins og hundurinn væri að gera og aftur út.

Lögreglumaðurinn fylgdi hundinum áfram og fyrir húshorn og þá



komu þeir beint að þar sem að lögreglumennirnir voru með manninn í haldi. Þessi aðgerð er síðan notuð sem sönnunargagn í málinu.

Þessi hundalögreglumaður vissi ekki áður en hann lagði af stað né á leiðinni hvar lögreglumennirnir væru með mann þennan í haldi. Það var einn stoltur hundalögreglumaður sem þarna klappaði hundi sínum. Það má bæta því hér við að þessi maður sem var handtekinn þarna, var með byssu í beltinu, handsprengjur í sitt hvorum vasa og illa haldinn af kókaíneyslu.



Lögreglan í Gautaborg er með um 30 hunda í sinni þjónustu, þar af eru 20 malinois hundar.

Eftir góða daga í Gautaborg, var haldið til Finnlands þar sem sótt var ráðstefna NPHU (Nordisk Polishund union) sem og stjórnarfundur þessarar samtaka. Árið 2000 stofnuðu nokkrir lögreglumenn á Íslandi samtök sem heita Félag íslenskra lögregluhunda, skammstafað FÍL. Mjög fljótlega sótti FÍL um aðild að NPHU. Samtök þessi eru mjög stór og telja um 2000 félagsmenn. NPHU heldur árlega mót fyrir

hundalögreglumenn þar sem keppt er með lögregluhunda. Þar mæta 4 bestu lögregluhunda allra Norðurlandþjóðanna og keppa sín á milli. Því miður verður víst bið á því að við getum tekið þátt vegna sóttvarnareglna. Annað hvert ár skipuleggur svo NPHU ráðstefnu fyrir hundalögreglumenn. Höskuldur sótti stjórnarfund NPHU að þessu sinni, en á þessum stjórnarfundum var aðild FÍL að NPHU samþykkt. Þarna er um mikinn áfanga að ræða hjá okkur, þótt að við getum ekki keppt á mótunum að þá getum heilmargt lært af þessu fólki og það margt að

miðla til okkar. Ráðstefnan var haldin í lögregluskóla þeirra Finna sem er í Tampere. Lögregluskólinn hjá þeim er heill kapituli út af fyrir sig.

Heimavistir, akstursbrautir, sundlaug, fullkomið skotæfingarsvæði og fl. Skólinn til dæmis er með 80 lögreglubifreiðar bara útaf fyrir sig. Flest allar lögreglubifreiðar í Finnlandi eru af gerðinni VW Transporter með stórrí vel. Segjast þeir leggja meir upp úr því að vera með bifreiðar sem fari vel með menn en að þeir geti ekið hratt.

Þema ráðstefnunnar var „Nýting lyktarskyns hundsins í þágu lögreglunnar“. Á ráðstefnunni voru samankomnir 220 hundalögreglumenn frá öllum Norðurlöndunum. Ráðstefnan stóð í 3 daga og var einkar fróðleg. Þarna var kafað mjög djúpt í virkni nefs og heila hundsins ef við getum kallað það svo.

Flutt voru erindi af dýralæknum og prófessorum í dýrafræðum. Meðal annars kom fram að við rannsóknir hefur komið í ljós að maðurinn (homo sapiens) hefur fimm milljón lyktarfrumur, en þýskur fjárhundur hefur tvö hundruð og tuttugu milljón lyktarfrum-

ur. Engin vél hefur verið framleidd enn í dag sem tekur hundinum fram í þessu þefskyni.

Jafnframt kom fram að lyktarskynið er það síðasta sem hundurinn tapar er hann eldist. Kynntar voru ýmsar rannsóknir sem gerðar hafa verið á atferli hunda en t.d. hefur engin rannsókn geta sýnt fram á það hvort að hundur eða tík séu með betra lyktarskyn, en því hefur stundum verið haldið fram að tíkur séu betri leitarhundar en karlhundar.

Einnig voru erindi um svokallað kokkteilþjálfun á fikniefnahundum, þar sem nýrri aðferð er beitt til að kynna fikniefni fyrir væntanlegum fikniefnahundum, þjálfun á brunahundum, þjálfun á líkleitarhundum og þjálfun á almennum lögregluhundum í notkun hjá sérsveitum og margt fleira.

Að sjálfsögðu hittust þessir Norðurlandabúar utan ráðstefnunnar og ræddu málin. Í skólanum er „pöbbl“ þar sem menn hittust til skoðanaskipta. Urðum við meðal annars vitni að skemmtilegri upptöku þar sem lögreglumadur frá Finnlandi var að reyna að selja Svía lögregluhundsefni. Skiptust þeir á skoðunum á milli þess sem þeir skoðuðu hvað hundurinn gat gert, og meðal annars var skoðað upp í hann, skoðaður fótburður og fleira.

Mínnti þetta okkur á hrossakaupin sem madur hefur séð á landsmótum hestamanna. Upphófst þarna mikið karp á milli þeirra um verð, en hundar sem sýnt þykir að hægt verði að nota fyrir lögregluna eru mjög dýrir. Vildi Svíinn borga 400.000 krónur en það er þakið sem sænska lögreglan setur á hundakaup. Finninn var ekki á því og vildi fá 700.000 krónur. Varð því ekkert af kaupunum.

Er ráðstefnunni var lokið, var 4 dögum varið í finnska hundalög- regluskólanum í Hämmennlinna. Það var alveg frábær tími og margt sem við lærðum þar. Hundalög- regluskólinn var stofnaður 1927, og því eru frændur okkar Finnar, mjög framarlega í allri hundþjálfun. Í skólanum er 10 starfsmenn í fastri vinnu. Þarna er stór þjálfun- arbraut fyrir hunda, stórt hús til æfinga, hundahús fyrir 40 hunda, heimavist, fundarsalir, mötuneyti



og fl. Fengum við aðstöðu í íbúð eins leiðbeinandans. Var sett upp prógramm fyrir okkur alla dagana. Meðal annars fengum við að fylgjast með þjálfun á fikniefnahundum, ID hundum og fleira.

Það sem okkur fannst fróðlegast þessa daga var hvolpanámskeið sem var í gangi þarna í 3 daga. M.a. sáum við 3 mánaða hvolp sem var að byrja sína þjálfun og var mjög efnilegur. Reglan hjá Finnunum er sú að lögreglan á alla hunda. Lögreglan kaupir hvolpa og lætur lögreglumenn hafa. Lögreglumennirnir koma reglulega á námskeið með hundana og ef hundarnir eru ekki að standast þær kröfur sem gerðar eru, þá er hundurinn

seldur til einkaaðila og lögreglumanninum er fenginn nýr hvolpur. Við hittum t.d. lögreglumann þarna sem að var að byrja á sínum 3 hundi.

Ferð þessi var alveg frábær í alla staði og mjög vel heppnuð. Þarna hittast lögreglumenn frá öllum Norðurlöndunum og skiptast á skoðunum og þjálfunaraðferðum. Tengsl myndast og er það ómetanlegt.

*Blönduósi 15/5 2004
Höskuldur Birkir Erlingsson
Lögregluvarðstjóri Blönduósi*

*Hjálmar Kristjánsson
Hundalögglumaður Reykjavík*



Flugslysæfing á Ísafirði



Undirbúningsfundur.



Vettvangsstjórinn og sýslumaðurinn.



Jónína og Hlynur.



Vettvangsstjórinn Rósa Baldurs.



Rúta við bíl og fólk að undirbúa sig.



Mikill reykur.



Haukur að fylgja einhverjum útaf.



Vettvangurinn.

Flugslysæfing á Ísafirði



Lögreglumenn og civilbíll.



Lögreglumenn við vettvangsrannsókn.



„Líkhúsið“.



Lögreglumenn í líkhúsinu.



Öundur og Lúðvík.



Úrvinnslufundur.



Jónína, Öundur og Lúðvík.



Grillað að lokum.

Landspingið í myndum



Orðuþegar á þinginu. Nokkrir voru ekki viðstaddir.



Benedikt Lund og Sveinn Guðni



Orður tilbúnar til afhendingar.



Kristján og Hermann að hengja upp borða með slag-
orði þingsins.



Ný stjórn LL



Gestir þingsetningar.



Jóhannes Jensson og Jónas Magnússon voru sæmdir
gullmerki.



Arna Jakóbína, þingforseti



Starfsmenn þingsins, Arna, Magnús, Friðgerður og Óskar.



Gunnar, Þórður, Þórir og Kristján.



Hermann og Berglind undir fána Lögreglufélags Vestfjarða.



Fjárhagsnefnd. Jens, Heiðar og Kristján.



Menn í síma út á hlaði.



Brosandi þingforsetar.



Óskar Sigurpáls, Geir Jón, Kristján og Skúli.



Pröstur Hjörleifs



Uppstillingarnefnd. Benedikt, Óskar og Kristján



Fyrsti fundur laganeftdar, Hermann, Arinbjörn og Þórir



Allsherjarnefnd, Kolbeinn, Sveinn Guðni og Hjálmar



Óskar Bjartmarz og Felix Jósafatsson



Fulltrúi Vestfirðinga á fundi hjá laganeftnd



Fulltrúi Vestfirðinga á fundi hjá uppstillingarnefnd



Starfskjararnefnd. Þorsteinn, Þórhallur og Kristinn.

Lands- þingið í myndum



Óskar að kynna áframhaldandi framboð sitt til formanns LL.



Þingforseti með kjörskálina vegna formannskjörs



Laganefnd búin að loka og læsa að sér



Allir vildu vera undir merkjum LV. Kristinn Sig og Óskar Sigurpáls.



Laganefnd með sértilkvadda aðila á fundi.



Berglind að kynna framboð sitt til formanns LL.



Sveinn Ingíberg, gjaldkeri LL og formaður Lögreglukórsins tilkvaddur á fund fjárhagsnefndar.

Grétar Jónasson framkvæmdastjóri

Viðhorfskönnun meðal lögreglumanna

Inngangur

Í upphafi ársins var gerð viðhorfskönnun meðal lögreglumanna. Að könnuninni stóðu Landssamband lögreglumanna, Ríkislögrelustjóri, Lögregluskóli ríkisins og Sýslumannafélag Íslands auk þess sem að dómsmálaráðuneytið veitti fjárhagslegan styrk vegna könnunarinnar. Að könnuninni vann Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.

Eins og fram kom í bréfi LL sem sent var öllum lögreglumönnum nýverið var þess getið að farið yrði yfir ýmis atriði könnunarinnar og niðurstöður kynntar í Lögreglumanninum.

Mikið var lagt upp úr því að svarendur þyrftu ekki að óttast að unnt væri að rekja svar til þeirra. Þess var sérstaklega gætt og þ.a.l. ekki spurt við hvaða embætti viðkomandi lögreglumaður starfaði. Þannig var einungis spurt um hve margir lögreglumenn störfuðu hjá embættinu og í framhaldinu gefnir þrír kostir þ.e. 1-9, 10-34, 35 eða fleiri. Vegna þessa var það ómögulegt að sjá frá hvaða embætti viðkomandi svarandi kæmi.

Hér á eftir verður getið nokkurra þátta könnunarinnar.

Afstaða til menntunar lögreglumanna

Í könnuninni var nokkuð ítarlega spurst fyrir um viðhorf lögreglumanna til menntunar lögreglumanna. Fram kemur að 61% lögreglumanna finnst að grunnám í Lögregluskóla ríkisins ætti að vera launað að fullu og um 45% svarenda finnst að auka ætti kröfur um menntun í inntökuskilyrðum LSR og miða við stúdentspróf eða sambærilegt nám. Tæplega 75% lögreglumanna telur að lengja ætti grunnnámið í LSR frá því sem að nú er og um 88% finnst að starfsþjálfun lögreglumanna ætti að vera lengri en nú er.

Af þeim sem að hafa sótt námskeið í framhaldsdeild LSR finnst 87% að námskeiðin hafi nýst þeim almennt mjög eða frekar vel í starfi. Rúmlega 56% lögreglumanna telur sig hafa greiðan aðgang að námi í framhaldsdeild LSR og eru mun fleiri frá stærri embættunum sem að telja sig hafa greiðan aðgang en þeim minni. Mikilvægustu ástæður þess að starfsfólki finnst það ekki hafa greiðan aðgang eru fjárskortur embættisins (43%) og áhugaleysi yfirmanna (42%).

Fram kom í könnuninni að svarendur væru almennt jákvæðir gagnvart Lögregluskólanum, en 83% eru mjög eða frekar jákvæðir.

Landssamband lögreglumanna (LL)

Í könnuninni kom fram að um 61% lögreglumanna hefði einhvern tíma leitað eftir þjónustu LL, stærsti hópurinn leitar aðstoðar vegna kjaramála, launamála eða túlkunar samninga (44%) og einnig margir vegna lögfræðimála eða réttindamála (35%). Um 86% svarenda töldu sig hafa fengið lausn á sínum málum, að fullu eða hluta til.

Fram kom að tæplega helmingur lögreglumanna telur það eftirsóknaveit að vera kallaður til starfa að félagsmálum á vegum LL. Rúmlega 90% lögreglumanna segjast lesa blaðið Lögreglumaðurinn að jafnaði eða hluta til. Athyglisvert er að í könnuninni telja yfir 80% að LL mætti koma meira að umræðu um lögreglumál (82%), að umræðu og greinarskrifum um fagleg mál er varða lögreglustarfið (81%) og að samskiptum við lögrelustjóra og dómsmálaráðuneyti (82%).

Forræði löggæslunnar, sameining embætta og ný lögreglulög

Langflestum lögreglumönnum

finnst að löggæslan eigi að vera áfram í höndum ríkisins, eða tæplega 87% og um 80% svarenda var mjög eða fremur sammála hugmyndinni um að sameina og stækka lögregluembættin. Þá má geta þess að 59% lögreglumanna eru mjög eða frekar ánægðir með þær breytingar sem lögreglulögin, sem tóku gildi 1. júlí 1997, höfðu í för með sér.

Viðhorf til embættisins og starfsins

Í könnuninni kemur fram að lögreglumenn séu stoltir að starfa í lögreglunni og fékk sá þáttur meðaleinkunnina 4,28. Þá er meirihluti svarenda, eða tæp 59%, mjög eða frekar jákvæður gagnvart embættinu sem þeir starfa hjá. Ein spurningin sem að lögð var fyrir í könnuninni var að þátttakendur voru beðnir að merkja á kvarða frá 0 upp í 10, hversu gott eða slæmt þeim finnst að starfa í lögreglunni, þar sem að 0 þýddi mjög slæmt og 10 mjög gott, og var meðaleinkunin 7,8.

Ofbeldi gagnvart lögreglumönnum

Um 64% lögreglumanna hefur verið hótad eða þeir áreitir vegna starfs síns þannig að þeir hafi tekið það alvarlega og 54% hafa orðið fyrir líkamsmeiðingum í starfi sínu sem lögreglumenn. Þá má geta þess að 41% svarenda hafa orðið fyrir því að hótunum eða öðru alvarlegu áreiti hafi verið beint gegn fjölskyldu þeirra vegna lögreglustarfsins.

Almennt um starfsumhverfi lögreglumanna

Almennt verður að telja að lögreglumenn sé frekar ánægðir með starfsumhverfi sitt en meðaleinkunn starfsumhverfisins er 3,3 en 5 þrepa kvarði var notaður þar sem að lægsta einkunn var 1 og

hæsta einkunn 5. Þess má geta að 7 spurningar voru í könnuninni er vörðuðu starfsumhverfið og undir hverjum þætti voru nokkrir mismunandi liðir.

Hér má nefna helstu þætti:

Spurningin (1) um hversu sjálfstæður viðkomandi er í starfi fékk meðaleinkunina 3,84, þarna var meðal annars spurt um hversu mikil áhrif viðkomandi hefur á starfsumhverfi sitt.

Spurningin (2) um að flest samstarfsfólk liti á viðkomandi starfsmann sem hluta af hópnum fékk meðaleinkunina 3,89

Spurningin (3) um viðhorf til

þess yfirmanns sem stýrir þínu daglega starfi fékk meðaleinkunina 3,37

Spurningin (4) um viðhorf til stjórnenda almennt fékk meðaleinkunina 2,62

Spurningin (5) um álag og kröfur fékk meðaleinkunina 3,07

Lokaorð

Þess má geta að sá hluti könnunarinnar sem að snýr að starfsumhverfi lögreglumanna byggist á fyrirtækjamati Félagsvísindastofnunar sem m.a. hefur verið notað undanfarin ár í vali VR á fyrirtæki ársins. Þannig er áhugavert að sá möguleiki er til staðar að

hægt sé að bera saman niðurstöður fjölmargra fyrirtækja við lögregluna hvað starfsumhverfið varðar. Þess má geta að í úrvinnslunni voru svör greind út frá kyni, aldri, stöðu, meginstarfssviði, starfsaldri og stærð embættis. Þannig er það áhugavert fyrir vinnuhópinn sem að getið er um hér að framan að kanna hvort mikill munur sé á svörum t.d. eftir stærð embættis eða stöðu viðkomandi lögreglumanns. Slíkir þættir geta m.a. hugsanlega orðið að gagni til þess að könnunin nýtist með sem best um hætti fyrir lögreglumenn.



26. þing lögreglumanna,

Haldið í Munaðarnesi

13.–16. apríl 2004

Þingið var sett kl. 16.30 að viðstöddum þingfulltrúum og gestum. Ávarp fluttu Björn Bjarnason, dómsmálaráðherra, og Ögmundur Jónasson, formaður BSRB. Að ávörpum loknum var stutt hlé og síðan var þinginu framhaldið. Farið var yfir kjörbréf og viðhaft nafnakall í tengslum við það. Nefndanefnd var kosin og tók strax til starfa. Áður en formaður LL fluttu skýrslu stjórnar gerðu fulltrúar FÍR athugasemd við lög-mæti þings sem var haldið 13. nóvember 2002, sú athugasemd var um að það þing gæti hvorki talist reglulegt né heldur aukabing. Nokkur umræða varð um málið og í framhaldi var þetta bor- ið undir atkvæði þingfulltrúa og var þessu hafnað. Formaður flutti þá skýrslu stjórnar, gjaldkeri fór yfir reikninga og formenn nokkurra nefnda gerðu grein fyrir störfum þeirra. Nokkur umræða varð um launamál framkvæmdastjórnar og formanns LL og í tengslum við það var rætt um hvort rétt væri að fækka í stjórn og framkvæmdastjórn LL. Nokkur spenna var þingfulltrúum þennan fyrsta dag. Þingforseti, Arna Jakobína Björnsdóttir frá starfsmannafélaga Akureyrar, stýrði þinginu styrkri hendi og átti það eftir að koma í ljós að allir fengu sömu „hörðu“ meðferðina þegar á reyndi. Að morgni annars dags átti fundur að hefjast kl. 09.00 en kl. 09.30 hafði hann enn ekki hafist, þingfulltrúar voru í fundarsal en í bakherbergi var fundur með þingforsetum, fulltrúum LL, LR og FÍR og kom síðar í ljós að þar var tekist á um röðun lagabreytingatillagna en þær voru nokkrar þó helstar og stærstar tillögur „Grunnhóps“ og síðan tillögur stjórnar LL um grundvallarbreytingar á uppbyggingu LL. Sveinn Ingiberg kynnti tillögu stjórnar LL og Þórir Steingrímsson kynnti tillögu „Grunnhóps“. Báð-

ur voru sammála um að við óbreytt ástand yrði ekki unað. Lögð var fram lagabreytingatillaga er varðaði félagsgjöld, þ.e miðað yrði við hlutfall af grunnlaunum en ekki heildarlaunum. Síðan komu aðrar tillögur til þingsins svo sem er varða merkingar, einkenni, líkamsþjálfun og skiptingu kostnaðar vegna þingsins, breytingu á STALL og loks tillaga um fjárframlag vegna samstarfs lög- reglukvenna á norðurlöndum og Eystrasaltsríkja. Málum var vísað til nefnda og tók þær síðan til starfa. Ljóst var í upphafi að mik- ið myndi mæða á laganefnd en hana skipuðu Arinbjörn Snorrason, Hermann Karlsson og Þórir Steingrímsson. Ákveðið var að nefndirnar myndu kynna stöðu mála hjá sér um miðjan dag. Lögð var fram ályktun þar sem 26. þing LL mótmælti harðlega fyrirhuguð- um breytingum á ákvæðum laga um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna ríkisins, er snúa sér- staklega að lögreglumönnum sem eru embættismenn samkvæmt skilgreiningu laganna. Ályktun þessi var samþykkt og send strax til Alþingis þar sem upplýsingar bárust um að verið væri að ræða málið í nefnd þar. Um miðjan dag komu svo nefndinar og kynntu stöðu sinna mála. Uppstillinga- nefnd lagði til að dagskrá yrði breytt og farið yrði strax í for- mannskjör en Berglind Eyjólf- dóttir hafði boðið sig fram gegn sitjandi formanni, Óskari Bjart- marz. Taldi uppstillinganefnd sig ekki geta gert tillögu um komandi stjórn og nefndir fyrr en ljóst væri hvort þeirra yrði kjörð. Nokkur umræða varð um málið en tillagan um dagskrárbreytingu var síðan borin undir atkvæði og samþykkt.

Formannskjör fór fram og var Óskar Bjartmarz kjörinn formaður með 27 atkvæðum gegn 12 atkvæðum Berglindar. Þessi dagur

var búinn að vera nokkuð „heitur“ og mikið virtist bera í milli. Laga- nefnd hafði aftur á móti setið að störfum, unnið ákveðna undirbún- ingsvinnu og kallað til sín forystu- menn nokkurra félaga og komst góður gangur á málið þó reyndar hafi nokkurs titrings hafi gætt seinna um kvöldið þegar þingfull- trúar og þingforseti tókust aðeins á. Að morgni þriðja dags var farið frekar yfir störf nefnda. Allsherj- arnefnd kynnti tillögur um álykt- anir svo sem um eflingu löggæslu, lækkun ellilífeyrisaldurs og menntun lögreglumanna. Fjár- hagsnefnd kynnti sitt starf og var þar helst um breytingu á félgs- gjaldi, styrk til lögreglukvenna og lögreglukórs og síðan hækkun á framlagi til Líknar og hjálparsjóðs.

Samþykkt var ályktun þar sem þing LL lýsti ánægju sinni vegna frumvarps dómsmálaráðherra um breytingu á lögum um meðferð op- inberra mála. Samþykkt var álykt- un þar sem áhyggjum var lýst yfir að lögreglumenn af landsbyggð- inni hafi ekki sama aðgengi að framhaldsmenntun. Samþykkt var ályktun þar sem áhyggjum er lýst vegna vinnuálags rannsókn- deilda lögreglu. Laganefnd lagði síðan fram sameiginlega niður- stöðu og lagði til að lögum LL yrði breytt. Tillaga laganefndar var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum, þ.e. 39. Breytingarnar eru helstar þær að gert er ráð fyrir að fullgildir félagar hafi kosninga- rétt og kjörgengi til trúnaðarstarfa innan LL, þ.m.t að taka þátt í kos- ingu fulltrúa síns svæðis á þing LL. varðandi stjórnarkjör þá er gert ráð fyrir póstkosningu á formanni, stjórn og varastjórn Trúnaðar- mannakerfi er komið á og er trú- naðarmannaráð ætlað að vera stjórn LL til aðstoðar við kröfugerð vegna kjarasamninga, fylgjast með því að hvers kyns samningar gerðir af LL og deildum þess séu haldnir og

réttindi starfsmanna í heiðri höfð. Eins að veita stjórn LL aðra þá aðstoð sem þeir óska. Varðandi uppbyggingu stjórnar þá er lagt til að stjórn verði stillt upp samkvæmt núverandi svæðisskipan héraðsdómstóla. Reykjavík eigi 6 menn, Reykjanes eigi 3 menn, Suðurland eigi 1 mann, Austurland eigi 1 mann, Norðausturland eigi 1 mann, Norðvesturland eigi 1 mann, Vestfirðir eigi 1 mann og Vesturland eigi 1 mann. Síðan er kveðið á um rétt staðar, fag og áhugafélaga. Þau félög sem hafa hlotið samþykki á þingi LL eiga rétt á að senda 1 fulltrúa, hvert félag, á þing LL. Þessir aðilar hafa málfrelsi og tillögurétt en ekki atkvæðisrétt. Að auki eiga formenn staðar-fag- og áhugafélaga eða fulltrúar þeirra rétt til setu á formannafundum LL. Viðkomandi félög eiga rétt á úthlutun úr starfsmenntunarsjóði eftir reglum sjóðsins hverju sinni. Hér á eftir er aðeins farið í greinar sem breyttust og skipta hinn almenna félagsmann miklu máli.

Rétt til fullrar aðildar að LL, eiga allir starfandi lögreglumenn á landinu...

Landinu skal skipt upp í svæðisbundnar deildir Á hverju svæði starfar ein deild.

LL skiptist í 14 svæðisdeildir sem hér segir:

1. Reykjavík (Reykjavík - Ríkislögreglustjórnin - Lögregluskólinn)
2. Akranes
3. Vesturland (Borgarnes - Stykkishólmur - Búðardalur)
4. Vestfirðir (Patreksfjörður - Bolungarvík - Ísafjörður - Hólmavík)
5. Norðvesturland (Blönduós - Sauðárkrókur - Siglufjörður - Ólafsfjörður)
6. Akureyri
7. Þingeyjarsýslur
8. Austurland (Seyðisfjörður - Eskifjörður)
9. Suðurland (Hornafjörður - Vík - Hvolsvöllur - Selfoss)
10. Vestmannaeyjar
11. Keflavíkurflugvöllur
12. Keflavík
13. Hafnarfjörður
14. Kópavogur

Lögreglumenn verða aðilar að LL í samræmi við 3. gr við það að leggja inn skriflega umsókn. Lögreglumenn sem óska eftir aðild að deild skulu senda stjórn hennar skriflega umsókn er sér umsækjanda fyrir umsóknareyðublaði.

Fullgildir félagsmenn LL eiga rétt á aðstoð LL varðandi samningsbundin kjör og önnur mál sem tengjast lögreglustarfinu, úthlutun orlofshúsa og styrkja úr starfsmenntunarsjóði, allt samkvæmt ákvörðun stjórnar LL eða í samræmi við reglur um viðkomandi atriði.

Fullgildir félagar hafa kosningarétt og kjörgengi til trúnaðarstarfa innan LL, þ.m.t að taka þátt í kosningu fulltrúa síns svæðis á þing LL.

Aukafélagar LL skulu njóta fyrirgreiðslu LL varðandi meðferð og túlkun kjarasamninga, réttindamála og félagslega þjónustu.

Félagsmönnum, öðrum en þeim er til þess hafa umboð, er óheimilt að tjá sig á opinberum vettvangi í nafni LL og eða nota nafn þess.

Félagsmönnum ber að vekja athygli kjörinna trúnaðarmanna á málefnum sem varða lögreglustarfið og félagsmenn ef þeir telja að hagsmunir LL, deildanna eða einstakra félagsmanna séu í húfi.

Úrsögn úr LL skal vera skrifleg og sendast skrifstofu LL sem tilkynnir stjórn viðkomandi svæðisdeildar um hana. Úrsögnin tekur gildi við næstu mánaðamót á eftir.

Úrsögn úr deild skal vera skrifleg og tekur ekki gildi fyrr en 6 mánuðum liðnum, miðað við mánaðarmót.

Innan LL skulu starfræktar deildir sem eru svæðisbundnar. Hver deild setur sér lög/samþykktir og kys sér stjórn. Stjórnir deilda skulu senda stjórn LL afrit af lögum/samþykktum sínum sem yfirfer þau og gætir þess að þau séu í samræmi við lög LL og stangist ekki á við tilgang og markmið LL.

Hlutverk deilda er:

- Að vera tengiliður félagsmanna við stjórn LL og er ábyrg fyrir félagsstarfinu á sínu félagssvæði.
- Að standa fyrir kosningu fulltrúa svæðisins á þing LL.
- Að standa fyrir kosningu trúnaðarmanna á vinnustöðum, sbr. 19 gr.

Aðarmanna á vinnustöðum, sbr. 19 gr.

- Að semja um vakta- og vinnutíma lögreglumanna og standa fyrir kosningu meðal viðkomandi lögreglumanna um vinnutímann.
- Að móttaka erindi félagsmanna.

Stjórn deildarinnar getur gert annað tveggja.

- freista þess að leysa úr erindinu, innan 8 vikna, ef það tekst ekki þá skal erindið framsent stjórn LL ásamt greinargerð.
- Senda erindið beint til stjórnar LL. Stjórn LL skal gera viðkomandi grein fyrir framgangi erindisins og úrlausnum innan 8 vikna frá því það barst henni.

Hlutverk trúnaðarmanna er:

- Að vinna úr ágreiningsmálum er kunna að rísa varðandi úthlutun aukavinnu, hvíldartímaákvæðum og öðrum kjaralegum réttindum á vinnustöðvum, sbr. V. kafla laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna, svo sem leita til svæðisdeilda og eða beint til stjórnar LL.

Deildir innan LL ákveða eigin félagsgjöld í sínum samþykktum.

Tilnefning þingfulltrúa skal endurspegla uppbyggingu lögreglunnar á svæði viðkomandi deildar.

Hver félagsmaður greiði gjald til LL, ákveðinn hundradshluta af grunnlaunum sínum.

Formaður, stjórn og varastjórn LL skal kosin í allsherjar **atkvæðagreiðslu/póstkosningu** meðal félagsmanna LL sama ár og þing er haldið og skal kosningu vera lokið þrem vikum fyrir þing. Ný stjórn tekur við að afloknu þingi.

Uppstillingarnefndin skal stilla upp á eftirfarandi hátt, samkvæmt **núverandi** svæðisskipan héraðsdómstóla:

- Reykjavík 6 menn
- Reykjanes 3 menn
- Suðurland 1 maður
- Austurland 1 maður
- Norðausturland 1 maður

- Norðvesturland 1 maður
- Vestfirðir 1 maður
- Vesturland 1 maður

Við starf sitt skal uppstillingarnefndin hafa samráð við stjórnir svæðisdeilda og leitast við að uppstillingin í heild sinni endurspegli uppbyggingu lögreglunnar.

Pá þegar er kjörstjórn LL hefur borist framboð uppstillingarnefndar skv. 27. gr. skal hún leggja fram framboð hennar og jafnframt auglýsa eftir öðrum framboðum.

Frestur til að skila inn öðrum framboðum til kjörstjórnar skal vera til 1. mars sama ár. Framboð skal miðast við 15 einstaklinga í samræmi við 27. gr. og skilgreinast þannig: Formaður, 8 meðstjórnendur og 6 menn í varastjórn.

Kjör stjórnar fer fram með allsherjar atkvæðagreiðslu/póstkosningu. Kjörstjórn skal senda félagsmönnum kjörgögn, kosning skal standa yfir í a.m.k. 15 daga. Kjör til stjórnar LL er listakosning.

Staðar-, fag- og áhugafélög lög-

reglumanna, sem samþykkt hafa verið af þingi LL eiga rétt á að senda 1 fulltrúa, hvert félag, til þings LL. Hafa aðilar þessir málfrælsi og tillögurétt en ekki atkvæðisrétt. Auk þess eiga formenn staðar-, fag- og áhugafélaga eða fulltrúar þeirra rétt til setu á formannafundum LL, viðkomandi félög eiga rétt á úthlutun úr starfsmenntunarsjóði LL eftir reglum sjóðsins hverju sinni.

Bústaður þrifinn



Heiðar Bjarndal Jónsson við komuna í húsið.



Frábært útsýni frá Stóru-Skógum.



Heiðar og Dóra Hlin á fullu í þrifum.



Pottstæði.



Allt orðið hreint og fínt.



Hjónaherbergið.

Óskar Þór Guðmundsson Steinar Gunnarsson

Hugleiðingar um vopnaburð lögreglunnar

Lögreglan á Íslandi er sennilega orðin eina lögreglan í Evrópu sem ekki ber vopn við skyldustörf sín dags daglega. Atburðir síðustu vikna og mánaða hafa vakið menn upp til umhugsunar um þessa staðreynd, en það virðist vera orðin „ella“ að ræna banka eða verslun svona einu sinni í viku. Þessi staðreynd virðist hafa verið dómsmálaráðherra ofarlega í huga þegar hann hélt hátiðaræðu við útskrift lögregluskóla ríkisins því þar vék hann að því að styrkja þyrfti sérsveit ríkislögreglustjóra til að takast á við þessi sífelli rán. Hann gekk svo óhikað til verks og nú er búið að samþykka að efla sveitin til muna.

Við erum algerlega ósammála ráðherra í þessu því við teljum að tími sé kominn til að við förum að opna augun fyrir því að það er hin almenna lögregla sem verður að styrkja til að takast á við vopnaða menn. Við teljum að hversu vel sem við hlúum að sérsveit ríkislögreglustjóra þá kemur hún ekki til með að takast á við vopnuð rán á öllu landinu. Til þess þyrfti marga sérsveitamenn á ferð um stórt svæði, alla daga, allan sólarhringinn, allt árið. Okkur langar líka að koma því á framfæri að landið okkar smáa er í byggð allan hringinn og ein sérsveit sem staðsett er í höfuðborginni getur ekki verið viðbragðsaðili fyrir allt landið (ekki nema við bönnum rán á landsbyggðinni). Þessi sama hugsun var í gangi innan raða björgunarsveitana áður en snjóflóðin féllu fyrir vestan fyrir nokkrum misserum. Sú hugsun róaði yfirleitt illa búnað og mannskapsfáar björgunarsveitir á landsbyggðinni að svokallaðir „SAS“ menn (sérfræðingar að sunnan) kæmu okkur til bjargar ef á móti blæsi. Þessa ranghugmynd fengu menn rækilega rekna til baka þegar heimamenn þurftu að takast á við þær skelfi-

legu aðstæður sem snjóflóðin sköpuðu fyrstu klukkustundirnar. Sérsveit RLS getur t.d. ekki verið komin á austurlandið á skemmri tíma en 2 klst þó aðstæður séu allar hinar bestu. Hvað eiga þá landsbyggðarlöggurnar að gera við vopnuðu ræningjana á meðan? Biðja þá að biða því sérsveitin komi bráðlega? Eða reyna að elta þá í 2 klst og vona að færð, veður og aðrar aðstæður séu hliðhollar sérsveitinni? Nei, það er okkar skoðun að við verðum að fara að opna augun fyrir því að hin almenna lögregla verður að vera betur búin til að grípa til vopna en nú er. Í því sambandi má benda á að búnaður sá sem hin almenna lögregla hefur til afnota þegar þörf er á að vopnast, uppfyllir ekki einu sinni reglugerð um vopnaburð lögreglumanna. Við lögreglumenn verðum að opna augu yfirvalda

fyrir því að um líf okkar og heilsu er að tefla. Hvað hefðu t.d. lögreglumennirnir sem stöðvuðu vopnaða ræningja með afsagaðar haglabyssur gert ef þeir hefðu gripið til vopna? Hótað þeim að sprauta piparúða á þá ef þeir dirfðust að lyfta vopnum. eða hóttað þeim að sérsveit RLS kæmi til að yfirbuga þá. eftir dálitla stund? Sérsveit RLS á fullar rétt á sér sem stuðningur við hina almennu lögreglu og við úrlausn erfiðari og tímafrekari aðgerða, en við verðum að fara að hugsa málin rökrétt en ekki biða eftir stórslysi af verstu gerð til að vekja okkur af þessari dáleiddslu sem við höfum verið í undanfarin ár.

Höfundar eru varðstjórar við embætti sýslumannsins á Eskifirði, í Neskaupstað og Fáskrúðsfirði.



Eftirtaldir aðilar óska lögreglumönnum velfarnaðar í starfi:

Fiölarinn, Skipagötu 14
G.V. grófur ehf., Óseyri 2
Greifinn hf., Glerárgötu 20
Hnjúkabeys, Ráðhústorgi 9
Kjarnafæði hf., Fjölnisgötu 1b
Kjúklingastaðurinn Crown Chicken, Skipagötu 12

Lostæti ehf., Naustalanga 1 box 234
Lögmannsstofa Nöðurlands ehf, Skipagötu 14
Lögmannsstofan ehf., Strandgötu 29
Lögmannsstofan Lögmannshlið, Ráðhústorgi 3
Lögmenn Akureyri ehf., Hafnarstræti 88

Nettó, Óseyri 3
Norðurmjök, Súluvegi 1
Plastás hf., Óseyri 4
Raf, Kaupangi/Myrarvegi
Rafmenn ehf., Draupnigötu 7d

Rafós sf., Skipagötu 14
Raftákn ehf., Glerárgötu 34
Samherji hf, Glerárgötu 30
Sjóbúðin ehf., Laufásgötu 1
Sparisjóður Norðlendinga, Skipagötu 9

Straumrás hf., Furuvöllum 3
Sýslumaðurinn á Akureyri, Hafnarstræti 107
Útfararþjónusta kirkjugarða Akureyrar ehf., Höfða v/
Þórunnarstræti
Vaxtarráttin ehf -Íþóttahöllinni, v/ Skólastíg

GRENIVÍK

Sparisjóður Höfðhverfinga, Ægissíðu 7

GRÍMSEY

Grimseyjarhreppur, Eyvík
Henning Jóhannesson, Höfði

DALVÍK

Klaufi ehf., Klaufabrekum
Sportvík, Skiðabraut 2

ÓLAFSFJÖRÐUR

Árni Helgason ehf, Hlíðarvegi 54
Sýslumaðurinn á Ólafsfirði, Ólafsvægi 3

HÚSAVÍK

Alli Geira hf., Garðarsbraut 10
Eðalbrauð, Garðarsbraut 15
G.P.G. fiskverkun ehf., Suðurgerði
Höfðerðabílar Rúnares Óskarssonar hf., Hrísaleigi 5

Skipaafgreiðsla Húsavíkur ehf., Höfða 2
Sýslumaðurinn á Húsavík, Útgardi 1
Tjörneshreppur, Ytri - Tungu
Uggi sf., Höfðabrekku 23, box 72
Vélaverkstæðið Árteigi, Árteigur Ljósavatnshrepp
Vikurraf ehf., Heðinsbraut 4

KÓPASKER

Silfurstjarnan hf., Núpsmýri
Oxarfjarðarhreppur, Bakkagötu 10

ÞÓRSHÖFN

Þórshafnarhreppur v/ Hjúkrunar og dvalarh. Naust,
Langanesi

VOPNAFJÖRÐUR

Vopnafjarðarhreppur, Hamrahlöð 15

EGILSSTAÐIR

Ársverk ehf, Mánatröð 4
Bilaverkstæði Borgþórs ehf., Miðási 2
G.Ármansson ehf., Átröð 12
Hagverk ehf, Bjarkargrund 1
Héraðsverk ehf., Miðvangi 2-4
Hótel Svartiskógur, Norður héraði
Kaupfélag Héraðsbúa, Kaupvangi 6
Snarvíki hf., Miðási 11
Trésmiðja Fljótsdalshéraðs hf., Kaupúni 1
Trésmiðja Guðna Þórarinnssonar, Mással
Valkyrjur ehf., Lyngási 5-7
Verslunarmannafélag Austurlands, Miðvangi 2-4
Ókuskóli austurlands, Háafelli 4a

SEYÐISFJÖRÐUR

Félag opinberra starfsmanna á Austurlandi,
Garðarsvegi 6
Lögmannsstofa Jónasar ehf., Hafnargötu 28
Vélsmiðjan Stálstjörnur, Fjarðargötu 1

REYÐARFJÖRÐUR

Kjölkaup hf, Óseyri 1

NESKAUPSTAÐUR

Bilaverkstæði Onundar Erlingssonar,
Vindheimanausti 7
G.T. ehf - Verslunin Vík, Egilsbraut 6
Haki hf., Þiljuvöllum 10

Samvinnufélag úlgerðarmanna, Hafnarbraut 6

Sildarvinnslan hf., Hafnarbraut 6

FÁSKRÚÐSFJÖRÐUR

Voggur ehf., Grimseyri 11

STÖÐVARFJÖRÐUR

Kross hf, Sævarendi 7

BREIÐDALSVÍK

Fossvík ehf., Sólvöllum 23

HÖFN

Gústi í Papey ehf., Hólbraut 14
H.P. og synir ehf., Víkurbraut 5

Krossey hf., Vesturbraut 5

Mikael ehf., Norðurbraut 7

Rósaberg ehf, Garðshorn

Skeggy ehf., Miðósi 17

Sveitarfélagið Hornafjörður, Hafnarbraut 27

Sýslumaðurinn á Höfn í Hornafirði, Hafnarbraut 36

SELFOS

A.B. skálinn ehf, Gagnheiði 11

Borgarhús hf., Minni-Borg, Grímsnesi

Bokaútgáfan Björk, Birkivöllum 30

Byggingarfélagið Árborg ehf., Bankavegi 5

Dekjalagerinn ehf., Kirkjuferjuháleigu

Fasteignasalan Bakki ehf., Austurvegi 22

Félag opinberra starfsmanna á Suðurlandi, Eyrarvegi 27

Fossráf ehf., Eyrarvegi 3

Fylgd ehf, Gagnheiði 67

Holræsa- og stíflubjónusta suðurlands, Miðlúni 14

Höfðerðabílar Guðmundar Tyrfinngssonar, Fosnesi v/
Suðurlandsveg

J.Á. Verktakar ehf., Gagnheiði 28

Litla kaffistofan ehf, Svinahrauni

Lögmenn Suðurlandi ehf., Austurvegi 3

Málflutningskrifstofan, Austurvegi 6

Nesey ehf., Suðurbraut 7

Norðri sf., Jörutúni 8

Set ehf., Eyravegi 43

Sorþirðan ehf., Dælengi 8

Verslunin Íris, Kjarnanum, Austurvegi 3-5

Vöruflutningar Magnúsar G. Öfjörð, Heimahaga 3

HVERAGERÐI

Bilaverkstæði Jóhanns Garðarssonar, Austurmörk 13

Eldhestar ehf. - Vellir Ólfusi, Völlum, Ólfusi

Hótel Örk, Breiðmörk 1c

J.S.K. bifreiðaverkstæði ehf., Austurmörk 16c

ÞORLÁKSHÖFN

Fiskmark ehf., Hafnarskeiði 21

Frostfiskur ehf., Hafnarskeiði 6

Humarvinnslan hf., Unubakka 42-44

Ráfugl ehf., Selvogsbraut 4

LAUGARVATN

Ásvélar ehf., Hrísholti 11

FLÚÐIR

Áhaldahúsið Steðji, Smiðjustíg 2

Flúðafiskur, Borgarasi

HVOLSVÖLLUR

Jón og Tryggvi hf., Ormsvöllum 3

Krappi ehf., Ormsvelli 5

Rafmagnsverkstæði KR ehf., Hlíðarvegi 2-4

VÍK

Sýslumaðurinn í Vík í Myrdal, Ránarbraut 1

Kirkjubæjarklaustur

Skaftharhreppur, Klausturvegi 10

VESTMANNAEYJAR

Bessi ehf, Sóleyjargötu 8

Bifreiðaverkstæði Muggs, Strandvegi 65

Frár ehf, Hásteinsvegi 49

Gæfa ehf, Illugagötu 7

Narfi ehf, Strembugötu 8

Oliufélagið hf. Vestmannaeyjum, Bäsaskersbrýggju 6

Ós ehf., Illugagötu 44

Útgerðarfélagið Glöfaxi ehf, Illugagötu 36

Vestmannaeyjabær, Kirkjuvegi 50

Vélaverkstæðið Þór hf., Norðursund 9

Vörugal ehf., Vesturvegi 18



Íþróttasamband lögreglumanna



Heiðursmerki ÍSL

Í tengslum við þing ÍSL þann 24. apríl voru
heiðursmerki ÍSL afhent

Eftirtaldir aðilar fengu afhent bronsmerki ÍSL

Rúnar Árnason fyrir 12 leiki í körfuknattleik á 4 EPM mótum og eitt NPM mót í knattspyrnu

Hjalti Pálmason fyrir þátttöku í landkeppni og 2 NPM mótum í golfi ásamt 2 leikjum í handknattleik.

Björn Bjartmarz fyrir 6 leiki í knattspyrnu ásamt því að hafa verið þjálfari landsliðs ÍSL í knattspyrnu á einu norðurlandamóti og einni undankeppni EPM.

Aðrir sem áttu að fá afhent bronsmerkið en gátu ekki mætt voru:

Karl St. Valsson fyrir liðsstjórstörf á 4 knattspyrnumótum þ.e. 2 norðurlandamótum og 2 undankeppnum EPM.

Pétur Guðmundsson fyrir 13 leiki í knattspyrnu á 3 NPM mótum og einni undankeppni EPM.

Sigurbjörn Þorgeirsson fyrir 2 norðurlandamót í golfi og 1 Lögregluskólamót.

Sigurður Pétursson fyrir 3 mót í golfi, landkeppni, NPM og NBM mót

Þorsteinn Guðjónsson fyrir 3 skotmót, NPM,

NBM og EPM.

Guðmundur Hjörvar. Jónsson fyrir 10 leiki samtals 2 leikir í knattspyrnu og 8 leikir í körfuknattleik á 2 NPM mótum og 1 EPM.

Þeim verða afhent merkin við fyrsta tækifæri.

Þá var Guðmundi St Sigmundssyni afhent gullmerki fyrir störf sín að íþróttamálum lögreglumanna, hann hefur verið í stjórn og formaður ÍFL Reykjavík, verið í stjórn ÍSL og þar af verið varaformaður í 6 ár, hann hefur setið í tækninefnd Norræna Íþróttasambandsins og var formaður nefndarinnar 1999-2001.

Óskar Halldórsson gat ekki mætt til að taka við sínu gullmerki en það átti hann að fá fyrir störf sín að íþróttamálum lögreglumanna en hann var í mörg ár í íþróttanefndinni á Keflavíkurflugvelli ásamt því að hafa setið í stjórn ÍSL í 12 ár.

Honum verður afhent gullmerkið við fyrsta tækifæri.

Óskar Bjartmarz formaður

Þing ÍSL 2004

Fór fram 24. apríl í Félagsheimili LR í Brautarholti. Rétt til þingsetu áttu 26 þingfulltrúar frá 14 íþróttafélögum/nefndum innan sambandsins. Til þings mættu 14 þingfulltrúar frá 5 félögum/nefndum. Ásamt stjórnarmönnum ÍSL.

Þingstörf voru með hefðbundnum hætti. Í skýrslu stjórnar kom m.a. fram að á tímabilinu var keypt húsnæði á Snorrabraut 27 þar sem ÍSL hefur aðsetur í dag. Fjárhagur er í miklum blóma en eigið fé var um 4 milljónir um síðustu áramót. Á þinginu var samþykkt lagabreyting sem fól í sér að fjölga í stjórn úr 9 í 11. Allir fráfarandi stjórnarmenn utan Óskar Halldórsson Keflavíkurflugvelli gáfu kost á sér áfram. Stjórn ÍSL er því skipuð eftirtöldum aðilum tímabilið 2004 – 2006 Óskar Bjartmarz formaður, Guðmundur St. Sigmundsson varaformaður, Gissur

Guðmundsson ritari, Óskar Sigurpálsson gjaldkeri, aðrir stjórnarmenn Jens Hilmarsson, Pétur Jóhannesson, Sigurður Benjamínsson, Friðrik K. Jónsson, Arinbjörn Snorrason, Kristján Geirsson og Hálfán Daðason. Innganga Íþróttafélags Ríkislögreglustjórans í ÍSL var samþykkt á þinginu en stjórn ÍSL hafði veitt félaginu bráðabirgðaaðild á tímabilinu.

Samþykkt var tillaga um að Guðmundur St. Sigmundsson og Óskar Halldórsson yrðu sæmdir gullmerki ÍSL fyrir störf að íþróttamálum lögreglumanna. Undir liðnum önnur mál fór að venju fram afhending á heiðursmerki ÍSL en þess er getið á öðrum stað. Að þingstörfum loknum var boðið upp á veitingar.

Óskar Bjartmarz formaður



Landsmót ÍSL 2003 í skotfimi

Dagana 26 – 28 febrúar 2004

Landsmót lögreglumanna í skotfimi fyrir árið 2003 var sett þann 26. febrúar 2004. Alls tilkynntu þátttöku 30 aðilar frá Akureyri, Borgarnesi, Akranesi, Reykjavík, Kópavogi, Hafnarfirði, Keflavíkurflugvelli, Ísa-firði og embætti Ríkislögreglustjóra.

Keppt var í fjórum greinum:
Loftskambyssa, 6 keppendur.
Stöðluð skambyssa, 8 keppendur.
Opinn flokkur, 13 keppendur.
Glock skambyssa, 25 keppendur.

Mótslok voru síðan í félagsheimili LR í Brautarholti þar sem í boði voru léttar veitingar og Óskar Bjartmarz formaður ÍSL afhenti sigurvegurum verðlaun.

ÍSL þakkar öllum þeim sem komu að framkvæmd mótsins og frábæra þátttöku.

Úrslit mótsins

Loftbyssa:

1. Jónas Hafsteinsson	Kópavogi	553 stig.
2. Sigurgeir Arnþórsson	RLS.	536 stig.
3. Eiríkur Ó. Jónsson	Rvík.	534 stig.

Efnilegasta skyttan.

Guðmundur Fylkisson	RLS.	454 stig.
---------------------	------	-----------

Úrslit í sveitakeppni

1. Blönduð sveit.		1590 stig.
Eiríkur Óskar Jónsson	Rvík	
Jón S. Ólason	Akranesi	
Sigurgeir Arnþórsson	RLS	



Sigurgeir, Jón S. og Eiríkur. skipuðu sigursveitir í loftbyssu, opnum flokki og standard.

2. Blönduð sveit.		1007 stig.
Jónas Hafsteinsson	Kópavogi	
Guðmundur Fylkisson	RLS	
Þorsteinn Guðjónsson	Rvík	

Stöðluð byssa:

1. Jónas Hafsteinsson	Kópavogi	527 stig.
2. Eiríkur Ó. Jónsson	Rvík.	511 stig.
3. Sigurgeir Arnþórsson	RLS	508 stig.

Úrslit í sveitakeppni

1. Blönduð sveit		1472 stig.
Jón S. Ólason	Akranesi	
Eiríkur Ó. Jónsson	Rvík	
Sigurgeir Arnþórsson	RLS	

2. Sveit Kópavogur		1300 stig.
Jónas Hafsteinsson		
Jakob Ó. Ólafsson		
Jóhann Eyvindsson		

Opinn flokkur:

1. Sigurgeir Arnþórsson	RLS	541 stig.
2. Jónas Hafsteinsson	Kópavogi	534 stig.
3. Eiríkur Ó. Jónsson	Rvík	533 stig.

Úrslit í sveitakeppni

1. Blönduð sveit		1565 stig.
Jón S. Ólason	Akranesi	
Sigurgeir Arnþórsson	RLS	
Eiríkur Ó. Jónsson	Rvík	

2. Keflavíkurflugv.		1106 stig.
Friðrik K. Jónsson		
Einar Karlsson		
Björn Sveinsson		



Kristína og Hafrún, sigurvegarar í kvennaflokki.



Íþróttasamband Lögreglumanna



Sigurveggarar í Glock. Friðrik, Eggert og Jón S.



Sigursveit Keflavíkurflugvalla í Glock. Friðrik, Björn og Einar.

- | | | |
|---------------------|--|-----------|
| 3. Kópavogur | | 984 stig. |
| Jóhann Eyvindsson | | |
| Jakob Ó. Ólafsson | | |
| Jónas Hafsteinnsson | | |

Glock:

- | | | |
|---------------------|------------------|-----------|
| 1. Eggert Magnússon | Rvík | 242 stig. |
| 2. Jón S. Ólason | Akranesi | 241 stig. |
| 3. Friðrik Jónsson | Keflavíkurflugv. | 235 stig. |

Í kvennaflokki.

- | | | |
|----------------------------|-----------|-----------|
| 1. Kristína Sigurðardóttir | Rvík. | 216 stig. |
| 2. Hafrún E. Símonard. | Kópavogur | 149 stig. |
| 3. Heiða Rafnsdóttir | Rvík | 144 stig. |

Úrslit í sveitakeppni.

- | | | |
|---------------------|--|----------|
| 1. Keflavíkurflugv. | | 688 stig |
| Friðrik Jónsson | | |

- | | |
|-------------------|--|
| Björn Sveinsson | |
| Einar Ó. Karlsson | |

- | | |
|--------------------|-----------|
| 2. Akureyri | 686 stig. |
| Bergur Jónsson | |
| Jón Valdimarsson | |
| Ólafur T. Ólafsson | |

- | | |
|-------------------------|-----------|
| 3. Akranes | 640 stig. |
| Þórir Björgvinsson | |
| Jónas H. Ottósson | |
| Jón S. Ólason | |
| 1. Sveit kvenna. | |
| Kristína Sigurðardóttir | |
| Hafrún E. Símonardóttir | |
| Heiða Rafnsdóttir | |

Arinbjörn Snorrason
stjórn ÍSL.

Stuttfréttir

NPIF

Fundur í tækninefnd NPIF var haldinn í mars um borð í ferju á milli Stokkhólms og Álandseyja. Fyrir hönd ÍSL sótti Guðmundur St. Sigmundsson fundinn. Efni fundarins var endurskoðun á keppnisreglum sambandsins.

Sameiginlegur fundur stjórnar og tækninefndar NPIF var haldinn í maí í Stavanger í Noregi. Fyrir

hönd ÍSL sóttu Óskar Bjartmarz og Guðmundur St. Sigmundsson fundinn. Aðalefni fundarins var framhald móta Norrænu Sakamálabókarinnar og áframhaldandi samstarf við bókina. Ásamt væntanlegu þingi USPE í haust. Þá var ákveðið vegna lélegrar þátttöku að hætta við norðurlandamót í frjálsum íþróttum og fimmtarþraut sem halda átti í Kaupmannahöfn í ágúst.

Mótalisti 2004

Landsmót:

Golf
Öldungamót innanhússkn.

Umsjón/mótsstaður

Hafnarfjörður
Suðurland

dags.

07. júlí

Norðurlandamót:

Rattleikni

Finnland

14. – 17. 09.



Íþróttasamband Lögreglumanna



Leikmenn sem skipuðu lið Íþróttasambands lögreglumanna, ÍSL, í handknattleiksmóti sem haldið var í Helsingör, Danmörku, dagana 6.-9. maí 2004. Aftari röð frá vinstri: Huginn Egilsson, Ingólfur Ingólfsson, Bjarki Sigurðsson, Jón Bragi Arnarson, Jens Gunnarsson, Hinrik Pálsson, Árni Friðleifsson, Kjartan Kristinsson, Runólfur Þórhallsson, Ásmundur Guðmundsson, Þormóður Egilsson, Guðjón Sveinsson, Svavar Vignisson, Edda Eggertsdóttir. Fremri röð frá vinstri: Helga Margrét Gunnarsdóttir, Bylgja Baldursdóttir, Hafdis Björk Albertsdóttir, Arnþrúður María Felixdóttir, Margrét Elín Egilsdóttir, Sigurlín Rósa Óskarsdóttir, Dagný St. Hjörvarsdóttir, Ásta Björk Agnarsdóttir, Ása Rún Ingimarsdóttir, Helga Guðmundsdóttir, Jóhanna Steingrimsdóttir. Þjálfari: Valgarður Valgarðsson. Liðstjóri: Birgir S. Jóhannsson. Fararstjórar: Óskar Bjartmarz og Guðmundur St. Sigmundsson.

Handknattleiksmót Norrænu Sakamálabókarinnar

Fór fram í Helsingör í Danmörku dagana 06. – 09. maí s.l. Var þetta í annað skiptið sem þetta mót er haldið en fyrra mótið fór fram í Noregi árið 2000. Til Noregs mættum við með karlalið en á þessum mótum er keppt bæði í karla og kvennaflokki.

Norræna Sakamálabókin sem kostar þetta mót leggur mikla áherslu á að allar norðurlandþjóðirnar mæti bæði með karla og kvennalið. Þegar hafin var undirbúningur að þátttöku okkar í mótinu í Helsingör var ljóst að mikil óvissa ríkti um þátttöku kvennaliðs frá Íslandi. Áður en æfingar hófust var haldinn fundur með þeim sem áhuga höfðu á að taka þátt, en hann var auglýstur á lögreglustöðvum. Á fundinum var skýrt frá því að ef á þyrfti að halda yrði leitað út fyrir raðir lögreglukvenna til að mynda kvennalið til þátttöku í mótinu.

Þegar æfingar hófust undir stjórn þeirra Valgarðs Valgarðssonar og Birgis S. Jóhannssonar varð fljótlega ljóst að við hefðum ekki á að skipa kvennalið sem boðlegt væri hvorki fyrir þær sem yrðu í liðinu né heldur væntanlega andstæðinga okkar. Niðurstaðan

varð sú að við fengum til liðs við okkur nokkrar stúlkur sem stunda handknattleik en eru ekki í lögreglunni.

Þeir Valgarður og Birgir sáu um þjálfun og undirbúning fyrir bæði karla og kvennaliðið og völdu eftirtalda í ferðina.

Karlaliðið:

Árni Friðleifsson, Hinrik Pálsson, Jens Gunnarsson, Kjartan Kristinsson og Þormóður Egilsson Reykjavík, Ingólfur Ingólfsson og Guðjón Sveinsson Hafnarfirði., Jón Bragi Arnarson Vestmannaeyjum, Svavar Vignisson Lögregluskólanum, Huginn Egilsson RLS, Bjarki F. Sigurðsson Keflavíkurflugv. og Ásmundur Guðmundsson Stykkishólmi.

Kvennaliðið:

Hafdis B Albertsdóttir, Bylgja Baldursdóttir og Rósa Óskarsdóttir Reykjavík, Arnþrúður M. Felixdóttir, Jóhanna Steingrimsdóttir og Helga M. Gunnarsdóttir Lögregluskólanum, Dagný Hjörvarsdóttir



Íþróttasamband lögreglumanna



Ísafirði, aðrar Edda Eggertsdóttir, Ása R. Ingimarsdóttir, Ásta B. Agnarsdóttir, Margrét Egilsdóttir og Helga Guðmundsdóttir.

Liðsstjórar voru Guðmundur St. Sigmundsson og Runólfur Þórhallsson en fararstjóri var Óskar Bjartmarz.

Flogið var til Kaupmannahafnar þann 06. 05 og farið með rútu til Helsingör en þar var gíst í LO skól- anum sem er skóli á vegum dönsku verkslýðshreyf- ingarinnar.

Mótið fór fram í Helsingör Hallen og var leikið þann 07. og 08. 05.

Pegar á staðinn var komið kom í ljós að finnar mættu ekki með karlaði þannig að í karlaflokki voru 4 lið en í kvennaflokki voru þau 5.

Fyrsti leikur okkar var í kvennaflokki.

Ísland - Noregur

Byrjunarliðið, í markinu var Ása en aðrar voru Ásta, Helga, Hafdís, Margrét, Rósa og Jóhanna. Í hálf- leik var staðan 6 – 5 fyrir okkar stelpum en lokatölur urðu 12 – 12, Helga skoraði 5 mörk, Margrét 3 mörk, Dagný 2 og þær Jóhanna og Hafdís eitt mark hvor.

Næsti leikur var í karlaflokki

Ísland – Svíþjóð.

Byrjunarliðið, í markinu var Ingólfur aðrir Árne, Svavar, Huginn, Kjartan, Ásmundur og Þormóður. Staðan í hálfleik var 11 – 11 en lokatölur urðu 24 – 18 okkur í vil. Árne skoraði 7 mörk, Huginn 6, Kjartan 4, Svavar og Guðjón 3 mörk hvor, og Ásmundur 1 mark.

Priðji leikur okkar var í kvennaflokki.

Ísland – Danmörk

Byrjunarliðið, í markinu var Ása aðrar voru Ásta, Helga, Hafdís, Margrét, Jóhanna og Dagný. Staðan í hálfleik var 8 – 11 þeim dönsku í vil og þær sigruðu 15 – 18. Helga skoraði 6 mörk, Ásta 4, Margrét 2, og þær Jóhanna, Hafdís og Dagný eitt mark hvor.

Á laugardeginum 08.05 fóru eftirtaldir leikir fram:

Noregur – Ísland í karlaflokki

Byrjunarliðið, í markinu var Ingólfur, Kjartan, Guðjón, Ásmundur, Huginn, Svavar og Árne. Staðan í hálfleik var 10 – 8 okkur í vil og við sigruðum 21 – 16. Mörkin skoruðu Svavar 6, Árne 5, Guðjón 4, Hinrik 3, Huginn 2 og Ásmundur 1.

Finnland – Ísland í kvennaflokki

Byrjunarliðið í markinu Ása aðrar voru Arnþrúður, Dagný, Margrét, Hafdís, Ásta, og Helga. Staðan í hálfleik var 14 – 2 okkur í vil en lokatölur urðu 31 – 4. Mörkin skoruðu Helga 9, Ásta 8, Margrét 6, Arnþrúður

ur 3, Hafdís 2 og þær Dagný, Edda og Bylgja eitt mark hvor.

Svíþjóð – Ísland í kvennaflokki

Byrjunarliði í markinu Ása aðrar voru Arnþrúður, Dagný, Helga, Hafdís, Ásta og Margrét. Staðan í hálf- leik var 7 – 9 þeim sænsku í vil og þær sigruðu 16 – 22. Mörkin Helga og Margrét 6 mörk hvor og Ásta 4.

Á sama tíma var í gangi leikur á milli Noregs og Svíþjóðar, þar sem þær norsku unnu en þær með náðu þær 2 sæti í mótinu en hefðu annars lent í 4 sæti en okkar stelpur náð þriðja sætinu. á hagstæðara marka- hlutfalli en þær norsku.

Síðasti leikurinn

Ísland – Danmörk í karlaflokki.

Þennan leik urðu þeir dönsku að vinna með minnst 4 mörkum til að vinna mótið annars myndum við verða sigurvegarar.

Byrjunarliðið Ingólfur í markinu Ásmundur, Kjartan, Hinrik, Guðjón, Árne og Svavar. Hinrik og Huginn skipust á í vörn og sókn. Staðan í hálfleik var 6 – 9 dönum í vil en það verður að segjast eins og er að dómaramir voru vægast sagt hlutdrægir og þá sérstak- lega í seinni hálfleik. Þeir virtust alveg meðvitaðir um það hvað danir þyrftu að vinna leikinn með mörgum mörkum. Lokatölur urðu 12 – 17 fyrir dani og þær með voru þær búnir að vinna mótið. Mörk okkar Svavar og Árne 3 mörk hvor, Huginn 2 mörk, Hinrik, Kjartan, Guðjón og Ásmundur eitt mark hvor. Ingólfur varði mjög vel í markinu þær af nokkur víti.

Lokastaðan

Karlaflokkur

Danmörk	4 stig
Ísland	4 stig
Svíþjóð	
Noregur	

Kvennaflokkur

Danmörk	8 stig
Noregur	5 stig
Svíþjóð	4 stig
Ísland	3 stig
Finnland	0 stig

Í lokahófinu kom fram að Svavar Vignisson var valinn besti leikmaður mótsins í karlaflokki.

Fyrir hönd farastjórnar vil ég þakka öllum sem þátt tóku í ferðinni fyrir þeirra hlut og vona að þátttakan verði lyftistöng fyrir íþróttir lögreglumanna og kvenna. Norræna Sakamálabókin hafi þakkir fyrir að kosta mótið.

Óskar Bjartmarz formaður



Lögregluskólamót Norrænu Sakamálabókarinnar

Lögregluskólamót Norrænu Sakamálabókarinnar í fimmfarbraut fór að þessu sinni fram í Lögregluskólunum í Stokkhólmi dagana 7-8 maí 2004. Sendum við að þessu sinni fullskipað lið, sem samanstóð af 8 keppendum, þremur konum og fimm körlum. Keppnin er bæði liðakeppni og einstaklingskeppni. Þó var búið að breyta liðakeppninni frá fyrir mótum þannig að nú voru lögð saman stig þriggja efstu karla og tveggja efstu kvenna. En áður var sér stigakeppni karla og sér stigakeppni kvenna.

Keppendur okkar voru: Bjarney Sólveig Annelsdóttir, Heiða Rafnsdóttir, Kári Ólafsson, Linda Björk Ársælsdóttir, Ólafur Stefnir Jónsson, Ólafur Örvar Ólafsson, Sigurfinnur Línadal Stefánsson og Þorsteinn Jóhann Þorsteinsson.

Þjálfari: Aðalsteinn Bernharðsson og fararstjóri Óskar Sigurpálsson.

Undirbúningur fyrir mótið hófst í byrjun árs með reglulegum æfingum sem gengu nokkuð vel, þrátt fyrir að keppendur væru í vinnu víðsvegar um landið.

Lagt var af stað til Svíþjóðar árla morguns fimmtudaginn 6. maí. Lögreglumenn frá skólanum tóku á móti okkur á flugvöllinum og fluttu okkur að Lögregluskólanum í Sörentorp Solna. Þar komum við okkur fyrir í hótélbyggingu sem er á skólalóðinni. Þar gistu allir keppendur, þjálfarar og liðstjórar við mjög góðan aðbúnað. Öll aðstaða og aðbúnaður á svæðinu var mjög glæsilegur og góður. Komudagur fór í að koma sér fyrir, kanna aðstæður og endaði á léttir æfingu.

Föstudagurinn var tekinn snemma þar sem skotæfing fyrir liðin var fyrir hádegi. Brá okkar fólki nokkuð við þegar kom í ljós að skotið var á 25 m færi, en okkar undirbúningur hafði miðað við 15 m eins og verið hafði í síðustu keppni. Æfingin gekk þó nokkuð vel miðað við þetta mótlæti.

Eftir hádegi var mótið sett formlega á glæsilegum íþróttavelli lögregluskólans. Það var Birgit Hansson Rektori Lögregluskólans sem setti mótið með miklu herópi. Eftir það var farið til Ríkislögreglustjórans í Stokkhólmi þar sem sundkeppnin fór fram. Talsverður spennningur var í okkar fólki og gengi nokkuð misjafnt. Ólafur Ólafsson náði bestum árangri af okkar fólki synti á 2,49,9 og varð í 6. sæti.

Laugardagurinn hófst síðan með skotkeppninni í miklu blíðskaparveðri, sem var reyndar alla dagana. Þar voru sumir okkar keppendur talsvert taugspenntir og kom það niður á árangri. Ólafur Ólafsson skaut 179 og Kári Ólafsson 178 sem verður að teljast ágætis-



árangur. Öðrum gekk ekki eins vel. Í hinum greinunum var árangurinn upp og niður, þó náði Þorsteinn Jóhann Þorsteinsson lengsta stökkinu á langstökki 5,73.

Yfir heildina var árangur okkar fólks nokkuð undir væntingum, en þó gerðu allir sitt besta.

Úrslit mótsins urðu þessi:

1. Svíþjóð	20.395,4 stig
2. Finnland	18.206,8 stig
3. Noregur	16.892,6 stig
4. Danmörk	15.894,5 stig
5. Ísland	14.931,3 stig

Mótið tókst mjög vel og höfðu allir gaman af, bæði keppendur og liðsstjórar. Okkar keppendur vöktu mikla athygli fyrir góða samstöðu og hvatningarhróp. Voru þau sínum lögregluskóla og lögreglunni í heild til mikils sóma og viljum við undirritaðir þakka þeim fyrir ánægjulega ferð.

Búið er að ákveða að næsta mót verður í Danmörku að ári liðnu og er það von okkar að það verði harðsnúið lið sem mætir þar til keppni.

Aðalsteinn Bernharðsson / Óskar Sigurpálsson

Dagpeningar og akstursgjald innanlands

Ferðakostnaðarnefnd hefur ákveðið dagpeninga til greiðslu gisti- og fæðiskostnaðar ríkisstarfsmanna á ferðalögum innanlands á vegum ríkisins sem hér segir:

1. Gisting og fæði í einn sólarhring	Kr. 15.700
2. Gisting í eina nótt	10.200
3. Fæði hvern heilan dag, minnst 10 tíma ferðalag	- 5.500
4. Fæði í hálfan dag, minnst 6 tíma ferðalag	- 2.750

Dagpeningar þessir gilda frá og með 1. júní 2004

Akstursgjald ríkisstarfsmanna:

Almennt gjald

Fyrstu 10.000 km	Kr.	60,50	pr. km.
Frá 10.000 til 20.000 km	-	54,50	-
Umfram 20.000 km	-	48,50	-

Sérstakt gjald

Fyrstu 10.000 km	-	69,57	-
Frá 10.000 til 20.000 km	-	62,67	-
Umfram 20.000 km	-	55,77	-

Torfærugjald

Fyrstu 10.000 km	-	87,72	-
Frá 10.000 til 20.000 km	-	79,02	-
Umfram 20.000 km	-	70,32	-

Ákvörðun þessi gildir frá og með 1. júní 2004.

Dagpeningar erlendis:

Almennir dagpeningar

	Gisting	Annað	Samtals
London, New York,			
Washington DC og Tokio	SDR 145	110	255
Annars staðar	SDR 110	100	210

Dagpeningar vegna þjálfunar, náms eða eftirlitsstarfa.

London, New York,			
Washington DC og Tokio	SDR 93	70	163
Annars staðar	SDR 70	64	134

Ákvörðun þessi gildir frá og með 1. júní 2004.



Landssamband lögreglumanna

Launatafla nr **609** Númer **03**
Gildir frá **1. janúar 2004**

Hlutfall yfirvinnu af mánaðarlaunum er 1,0385%
Full desemberuppbót er 43.773
Full orlofsuppbót er 10.200

Þrepareikningur launafl. Bxx:

1. Þrep Yngri en 30 ára
2. Þrep frá 30 ára aldri (vm.þrep dagvinnu)
3. Þrep frá 35 ára aldri
4. Þrep frá 40 ára aldri
5. Þrep frá 45 ára aldri

Þrepareikningur launafl. Axx:

1. Þrep Yngri en 25 ára
2. Þrep frá 25 ára aldri
3. Þrep frá 30 ára aldri (vm.þrep dagvinnu)
4. Þrep frá 35 ára aldri
5. Þrep frá 40 ára aldri
6. Þrep frá 45 ára aldri

Þrepareikningur launafl. Cxx:

1. Þrep Yngri en 40 ára (vm.þrep dagvinnu)
2. Þrep frá 40 ára aldri
3. Þrep frá 45 ára aldri

Tímavinna

Mánaðarlaun							Dagvinna	Dagvinna eftirlýga	Vaktaálag 33,33%	Vakatálag 55%
Launaflokkur	þrep									
	1	2	3	4	5	6				
A01	117.133	120.673	124.320	126.185	128.078	129.999	764,57	799,49	254,83	420,51
A02	120.673	124.320	128.078	129.999	131.949	133.928	787,68	823,66	262,53	433,22
A03	124.320	128.078	131.949	133.928	135.937	137.976	811,49	848,55	270,47	446,32
A04	128.078	131.949	135.937	137.976	140.046	142.147	836,01	874,20	278,64	459,81
A05	131.949	135.937	140.046	142.147	144.279	146.443	861,28	900,62	287,06	473,70
A06	135.937	140.046	144.279	146.443	148.640	150.870	887,32	927,85	295,74	488,03
A07	140.046	144.279	148.640	150.870	153.133	155.430	914,14	955,89	304,68	502,78
A08	144.279	148.640	153.133	155.430	157.761	160.127	941,77	984,78	313,89	517,97
A09	148.640	153.133	157.761	160.127	162.529	164.967	970,23	1.014,55	323,38	533,63
A10	153.133	157.761	162.529	164.967	167.442	169.954	999,55	1.045,22	333,15	549,75
A11	157.761	162.529	167.442	169.954	172.503	175.091	1.029,77	1.076,81	343,22	566,37
A12	162.529	167.442	172.503	175.091	177.717	180.383	1.060,89	1.109,36	353,59	583,49
A13	167.442	172.503	177.717	180.383	183.089	185.835	1.092,96	1.142,89	364,28	601,13
A14	172.503	177.717	183.089	185.835	188.623	191.452	1.126,00	1.177,43	375,30	619,30
A15	177.717	183.089	188.623	191.452	194.324	197.239	1.160,03	1.213,02	386,64	638,02
A16	183.089	188.623	194.324	197.239	200.198	203.201	1.195,09	1.249,69	398,32	657,30
B01	150.870	153.133	155.430	157.761	160.127		941,77	984,78	313,89	517,97
B02	155.430	157.761	160.127	162.529	164.967		970,23	1.014,55	323,38	533,63
B03	160.127	162.529	164.967	167.442	169.954		999,55	1.045,22	333,15	549,75
B04	164.967	167.442	169.954	172.503	175.091		1.029,77	1.076,81	343,22	566,37
B05	169.954	172.503	175.091	177.717	180.383		1.060,89	1.109,36	353,59	583,49
B06	175.091	177.717	180.383	183.089	185.835		1.092,96	1.142,89	364,28	601,13
B07	180.383	183.089	185.835	188.623	191.452		1.126,00	1.177,43	375,30	619,30
B08	185.835	188.623	191.452	194.324	197.239		1.160,03	1.213,02	386,64	638,02
B09	191.452	194.324	197.239	200.198	203.201		1.195,09	1.249,69	398,32	657,30
B10	197.239	200.198	203.201	206.249	209.343		1.231,22	1.287,46	410,37	677,17
B11	203.201	206.249	209.343	212.483	215.670		1.268,43	1.326,37	422,77	697,64
B12	209.343	212.483	215.670	218.905	222.189		1.306,77	1.366,46	435,55	718,72
B13	215.670	218.905	222.189	225.522	228.905		1.346,27	1.407,77	448,71	740,45
B14	222.189	225.522	228.905	232.339	235.824		1.386,96	1.450,32	462,27	762,83
B15	228.905	232.339	235.824	239.361	242.951		1.428,88	1.494,15	476,25	785,88
B16	235.824	239.361	242.951	246.595	250.294		1.472,07	1.539,31	490,64	809,64
B17	242.951	246.595	250.294	254.048	257.859		1.516,56	1.585,83	505,47	834,11
B18	250.294	254.048	257.859	261.727	265.653		1.562,40	1.633,77	520,75	859,32
B19	257.859	261.727	265.653	269.638	273.683		1.609,62	1.683,15	536,49	885,29
C01	169.954	172.503	175.091				1.045,22	1.076,81	348,37	574,87
C02	177.717	180.383	183.089				1.092,96	1.126,00	364,28	601,13
C03	185.835	188.623	191.452				1.142,89	1.177,43	380,93	628,59

LANDSSAMBAND LÖGREGLUMANNA ÞAKKAR EFTIRTÖLDUM FYRIRTÆKJUM STUÐNINGINN



Þegar andlát ber að höndum

Útfararstofan annast meginhluta allra útfara á höfuðborgarsvæðinu. Þar starfa nú 15 manns við útfararþjónustu og kistuframleiðslu.

Alúðleg þjónusta sem byggir á langri reynslu

Útfararstofa Kirkjugarðanna ehf.

Vesturhlíð 2 – Fossvogi – Sími 551 1266 – www.utfarastofa.com





© GIL B. / EFLIÐ / SKÖP

Svo í borg sé leggjandi!

Einkabílum hefur fjölgað gríðarlega á höfuðborgarsvæðinu undanfarin ár. Þessi fjölgun er örari en svo að aukning bílastæða, sérstaklega í miðborginni, dugi til. Aukinni þörf fyrir að leggja bílum á miðborgarsvæðinu verður að svara með tvennum hætti: Annars vegar með **stæðisvali ökumanns** í samræmi við erindi og tíma. Hins vegar með **fjölgun bílastæða** og **breyttri gjaldskrá** sem m.a. skapar fleiri vel staðsett skammtímaæði.

Bílastæðasjóður kynnir **breytingar á bílastæðum í miðborginni**. Markmiðið er að mæta þörfum vegfarenda til að stæðin og tíminn nýtist þeim betur.

- Skammtímaæðum á svæðinu hefur verið **fjölgað um 187**.
- **Gjaldsvæðin eru þrjú** (sjá mynd). Dýrara er að leggja við aðalgötur en ódýrara eftir því sem fær dregur.
- Mælur taka fleiri mynttegundir. Bæði miða- og stöðumælur taka nú **10, 50 og 100 kr. mynt**.



NÝJUNG!

